

Jóhanna Vígfúsdóttir:

Rauða hettupeysan í uppáhaldi

heimili tíska ferðir í MIÐJU BLAÐSINS



Haukur Hauksson:

Ekkifréttir aftur á dagskrá

árs fríi lokið

SÍÐA 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. febrúar 2005 – 39. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



FIMMTUDAGUR




**NJÓSNAD UM HALLDÓR LAXNESS** J. Edgar Hoover, forstjóri FBI, vélaði um mál Halldórs Laxness. Í kjölfar afskipta Hoovers var hætt að gefa bækur skáldsins út í Bandaríkjunum. **Sjá síðu 2**

**FORMENN SEGJA AF SÉR** Reiknað er með átökum í danska Jafnaðarmannaflokknum eftir að Mogens Lyketoft sagði af sér sem formaður flokksins. Þrír aðrir formenn hafa einnig tilkynnt afsögn. **Sjá síðu 4**

**FARMURINN FÆRÐIST TIL** Talið er líklegt að tvö þúsund tonn af stáli sem Jökulfell flutti hafi færst til í lest skipsins og þess vegna hafi skipið sokkið. **Sjá síðu 6**

**FÁ EKKERT ÚTHLUTAÐ** Sex sveitarfélög fá ekkert úthlutað úr útgjaldaöfnunarfamalagi Jöfnunarsjóðs, þar sem meðaltekjur íbúa eru of háar. **Sjá síðu 10**




**VÍDA BJARTVÍÐIRI** Stöku el við vestur- og norðurströndina. Frost 1-8 stig, kaldast inn til landsins norðaustan til. **Sjá síðu 4**



**KR MÆTIR TOPPLIÐINU** Fjórir leikur verða í Intersport-deildinni klukkan 19.15. Topplið Keflavíkur tekur á móti KR, ÍR sækir Hauka heim, KFÍ tekur á móti Snaefell og Grindavík og Tindastóll keppa á Sauðárkróki.

Kvikmyndir	30	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	22
Leikhús	30	Sjónvarp	32



**BARIST VIÐ LOGANA** Þegar slökkvilið Grindavíkur kom að fiskmjölsverksmiðju Samherja varð fljótt ljóst að það þyrfti liðsauka. Hann barst og á fjórða tug manna slökkti eldinn.

## Stórtjón í Grindavík

Fiskmjölsverksmiða Samherja í Grindavík brann í gær. Ekki er vitað um eldsupptök en sprenging varð í mjölpurrkara rétt fyrir hálf fjögurleytið. Tíu mínútum síðar skíðlogaði húsið.

**STÓRBRUNI** „Skelfilegt er að horfa á vinnustað sinn brenna,“ sagði Loftur Guðmundsson starfsmaður fiskmjölsverksmiðjunnar Fiskimjöls og lýsis. Hann stóð utan við húsið í gær og fylgdist með slökkvistarfi rúmlega þrjátíu manna úr þremur slökkviliðum. Sprenging varð í katli við mjölpurrkara í verksmiðjunni rétt fyrir hálf fjögur í gær. Um tíu mínútum síðar urðu starfsmennirnir átta eldsins varir.

„Ég veit ekki hvað gerðist. Ég sá að eldur var kominn í þakið og það var ekkert annað að gera en að forða sér,“ segir Loftur. Unnið hefur verið á sólarhringsvöktum í verksmiðjunni síðustu daga. Loftur segir þá hafa verið í stjórnstöð verksmiðjunnar að ljúka loðnubræðslu þegar eldurinn kom upp. Engan hafi sakað. Slökkvistarf gekk erfiðlega að sögn Ásmundar Jónssonar slökkvistjóra Slökkviliðs Grindavíkur.

Slökkviliðið hafi þurft að einblína á að eldurinn kæmist ekki í sýru, plastkúta og gufuketil til að fyrirbyggja sprengihættu. „Hefði eldurinn borist í efnin hefði orðið svakaleg sprenging.“ Ásmundur segir að strax og þeir sáu umfang brunans hafi verið kallað eftir aðstoð Brunavarna Suðurnesja og slökkviliðs Varnarliðsins. Björgunarsveit og lögregla komu einnig á staðinn. Þorsteinn Már Baldvinsson,

forstjóri Samherja, segir óljóst hvert tjónið af völdum eldsins sé og of snemmt að segja til um hvort verksmiðjan verði endurbýggð. Lán sé að engar birgðir hafi tapast í eldinum. Engin frekari vinnsla verði í húsinu þessa vertíð. Eldsupptök eru ókunn en ekki er talið að um íkveikju hafi verið að ræða. Lögreglan í Keflavík rannsakar málið í dag. - gag Sjá síðu 2

Úrskurðir Útlendingastofnunar um brottvísun kærðir til dómsmálaráðherra:

## Tveimur feðrum vísað úr landi

**ALÞINGI** Tveimur erlendum feðrum, sem kvæntir eru íslenskum konum, hefur verið vísað úr landi eftir að breytingar á útlendingalögum tóku gildi síðasta vor. Þetta kom fram á Alþingi í gær í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar. Samkvæmt lögnum þarf erlendir ríkisborgari í hjúskap með íslenskum ríkisborgara að vera orðinn 24 ára til að öðlast dvalarleyfi á grundvelli hjúskaparins. „Eitt er að fá dvalarleyfi, annað að vera vísað úr landi. Engum er vísað úr landi nema að baki þeirri ákvörðun sé sjálfstæð rannsókn,“ sagði Björn.

„Annar manna á barn utan hjónabands en í hinum hjúskapnum er fyrir að fara stjúpbarni,“ sagði Björn. Fram kom að báðir hafa kært brottvísunarúrskurð Útlendingastofn-



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Samkvæmt útlendingalögnum þarf erlendir ríkisborgari í hjúskap með íslenskum ríkisborgara að vera orðinn 24 ára til að öðlast dvalarleyfi á grundvelli hjúskaparins.

unar til dómsmálaráðuneytisins. Katrín sagði þetta miklar tölur og minnti á að í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands hefði komið fram þegar frum-

varpið var lagt fram að Mannréttindadómstóll Evrópu hefði túlkað 12. grein mannréttindasáttmála Evrópu þannig að í réttinum til að stofna til hjúskapar fælist einnig rétturinn til að búa saman. „Á Íslandi höfum við enga ástæðu til að setja svona ströng lög, sérstaklega undir þeim formerkjum að hér eigi að vernda einstaklinga gegn nauðungarhjonaböndum þegar síðan kemur í ljós að þegar þetta hefur átt við er um að ræða tvo karla sem hafa verið giftir íslenskum konum. Þetta hefur frekar átt við um karla en konur og hefur frekar verið beitt um karla en konur, en þegar raunveruleg nauðungarhjonabönd eiga sér stað er frekar um konur að ræða en karla,“ sagði Katrín. „Einnig vil ég ítreka að mér þykir alvarlegt ef svona ströng regla skilur að föður og barn,“ sagði hún. -sda

Baugur býður í Somerfield:

## Bjóða 119 milljarða

**VÍBSKIPTI** Baugur hefur tryggt sér fjármögnun og gert tilboð í bresku verslunarkæðjuna Somerfield. Tilboðið hljóðar upp á 190 pens á hlut eða 119 milljarða króna. Heildarfjármögnun kaupanna með skuldu er um 140 milljarðar króna. Breskir fjölmiðlar fengu pata af tilboðinu og í framhaldinu tilkynnti stjórn Somerfield að tilboð hefði borist frá Baugi. Baugur mun á föstudag fá lykavöldin í Big Food Group sem félagið keypti með íslenskum fjárfestum og fjármögnun Bank of Scotland, KB banka og Landsbankans. Gera má ráð fyrir að sömu aðilar komi að þessum kaupum ef af verður. Somerfield rekur yfir 1200 verslanir á Bretlandseyjum undir merkjum Somerfield og Kwik Save. Félagið er fjárhagslega sterkara en Big Food Group og því auðveldara að fjármagna kaupin. Velta félagsins er um 530 milljarðar króna. Verði af kaupunum mun velta fyrirtækja í eigu Baugs verða ríflega ein og hálf landsframleiðsla Íslendinga eða hátt í 1.400 milljarðar króna. -hh



## SPURNING DAGSINS

Selma, verður erfitt að toppa Jónsa?

„Ég held ég verði að segja pass.“

Selma Björnsdóttir verður fulltrúi Íslands í Eurovision í ár en framlag Íslands í keppninni í fyrra, sem Jónsi úr Ísvörtum fötum flutti, lenti í 19. sæti af 24.

## Kvenkyns leikfímikennari: Nauðgaði nemanda

**BANDARÍKIN, AP** Tuttugu og sjö ára leikfímikennari í bænum McMinnville í Tennessee hefur verið ákærð fyrir að nauðga þrettán ára gömlum nemanda sínum.

Pamela Turner er ákærð fyrir að hafa nauðgað unglingspilti þrettán sinnum á tímabilinu frá nóvember til janúar. Þar sem hún var nýflutt í bæinn bjó hún tímabundið heima hjá foreldrum piltins. Brotin áttu sér bæði stað þar og í skólanum. Turner gæti átt yfir höfði sér allt að 100 ára fangelsi. Saksóknari segir samt líklegast að hún hljóti eins árs eða nokkurra ára fangelsisdóm.



**BARNANÍÐINGUR** Turner var látin laus gegn greiðslu þriggja milljóna króna tryggingar.

## Leifsstöð: Veittist að lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður veittist að lögreglu-manni í tollsal Leifsstöðvar á þriðjudagskvöld og hótaði honum. Tollverðir höfðu skömmu áður stöðvað manninn vegna gruns um að hann væri að reyna að smygla fíkniefnum innvortis.

Maðurinn var færður í fanga-geymslur en reyndist ekki vera með fíkniefni á sér en grunur lék á að hann væri undir áhrifum slíkra efna. Maðurinn lét öllum illum látum í fangaklefa svo ekki var hægt að skera úr um hvort hann væri undir áhrifum eða ekki. Málið er nú á borði ríkissaksóknara. - bs

## Eigandi Fiskimjöls og lýsis: Óljóst hvort verksmiðjan verði endurbyggð

**STÓRBRUNI** Of snemmt er að segja hvort verksmiðjan Fiskimjöl og lýsi í Grindavík verði endurbyggð eftir brunann að sögn Þorsteins Más Baldvínssonar, forstjóra Samherja. Hann kom til Grindavíkur í gær og fylgdist með slökkvistarfinu. Þorsteinn segir miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu síðustu ár.

Óskar Magnúson, tilvonandi forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar sem tryggir verksmiðjuna, var einnig á svæðinu: „Bersýnilegt er að helmingurinn af verksmiðjunni er í lagi. Þar á meðal eru eimingar-græjur, löndunarhús og geymsla við húsið. Þá virðist sem engar birgðir hafi skemmst.“

Húsið var byggt árið 1947 og keypt af Samherja árið 1997. Verk-



FRÉTTABLAÐIÐ/É. ÓL.

miðjan var mjög tæknileg og sjálfvirkni mikil við vinnsluna en um 1.200 til 1.300 tonn af loðnu voru brædd þar á sólarhring síðustu

daga. Eftir á að meta tjónið en nefnt hefur verið að það geti numið allt að einum og hálfum milljarði króna. Það fékkst ekki staðfest. - gag

# Halldór Laxness undir smásjá FBI

Skjöl, sem voru gerð opinber í desember, sýna að J. Edgar Hoover bæði fékk og sendi skeyti með fyrirspurnum um tekjur Halldórs og ferðir. Í kjölfar afskipta Hoovers var hætt að gefa bækur skáldsins út í Bandaríkjunum.

**NJÓSNIR** Í nýjasta Mannlífi er fjallað ítarlega um málið og birt grein eftir bandaríska bókmenntafræðinginn Chay Lemoine, sem komst yfir skjöl sem sýna að J. Edgar Hoover fylgdist með Halldóri Laxness. Lemoine er mikill áhugamaður um Halldór og skrifaði um hann ritgerð. Hann falaðist eftir göngum úr skjalasafni FBI en fékk ekki fyrr en eftir að ritgerð hans var prentuð.

J. Edgar Hoover var forstjóri bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, og þótti óvæginn og illskeyttur í störfum sínum. Hans er einkum minnst fyrir kommúnistaveiðar sínar í árdaga kalda stríðsins en á þeim árum voru völd hans og áhrif metin svipuð og Bandaríkjaforseta. Embættismaður í bandaríska utanríkisráðuneytinu sendi Hoover bréf í september 1947, merkt trúnaðarmál, þar sem beiðni um rannsókn á tekjum Halldórs af bóksölu í Bandaríkjunum er komið á framfæri. Beiðnin kom upphaflega frá Íslandi, frá Bjarna Benediktssyni sem þá var utanríkisráðherra. Hann og fleiri höfðu grun um að ritlanin rynnur í sjóði íslenskra kommúnista. Skjölun sýna einnig að rúmum áratug



J. EDGAR HOOVER

Forstjóri FBI fylgdist með Halldóri Laxness í Bandaríkjunum.

síðar var Hoover tilkynnt um ferðir Halldórs um Bandaríkin.

Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness var gefin út í Bandaríkjunum árið 1946 og seldist í um 430 þúsund eintökum. Eftir að Hoover og aðrir starfsmenn bandarískrar stjórnsýslu hófu athugun á Halldóri þótti útgefanda hans vestra ekki ástæða til að gefa út fleiri verk skáldsins. Líkur eru á að stjórnmalaskoðanir Halldós og afskipti bandarískra yfirvalda af málum hans hafi ráð-

id þar um. Útgefandinn hafi ekki viljað ögra yfirvöldum.

„Þetta staðfestir að Halldór er næstum því ofsóttur fyrir tilstilli íslenskra stjórnvalda sem siga alríkislögreglunni á hann. Og þarna er staðfest, sem reyndar hefur verið ýjað að, að hann hafi verið eltur af bandarískum yfirvöldum. Þarna er staðfesting þess að J. Edgar Hoover er með manninn í stöðugri vöktun,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs. bjorn@frettabladid.is

Ránstilaun:

## Ógnaði með riffli

**RÁN** Maður vopnaður riffli reyndi að ræna söluturn við Langholtsveg í gærkvöldi. Að sögn Eydísar Ást-ráðsdóttur, eiganda söluturnsins, kom ungur grimuklæddur maður inn um niuleytið í gærkvöld, ógnaði starfsfólki með riffli og heimtaði peninga. Hann hvarf þó á braut tómhentur.

Eydís segir að starfsfólk hafi orðið skelt við atburðinn en þakkaði fyrir að enginn meiddist. Lögreglan leitaði mannsins í gærkvöld en hafði ekki haft hendur í hári hans þegar blaðið fór í prentun. Þetta er þriðja ránið í Reykjavík á jafnmörgum dögum. - bs

## Stuðningur við innrás: Engin skrifleg gögn

**IRAK** „Það má draga þá ályktun að það sé óeðlileg stjórnsýsla að haga málum með þessum hætti,“

segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður um skort á skriflegum gögnum frá forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðuneytinu um aðdraganda innrásarinnar í Irak og stuðningi Íslands við hana.



**RAGNAR AÐALSTEINSSON** Telur það óeðlilega stjórnsýslu að halda ekki upp á gögn.

Ragnar sendi beiðni á sínum tíma um aðgang að gögnum um málið sem lutu meðal annars að minnismiðum, tilkynningum og símtölum. Ráðuneytin töldu að upplýsingarnar væru undanþegnar aðgengi almennings en Ragnar kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndar upplýsingamála sem komst að því að engin skrifleg gögn voru til um málið í ráðuneytinum. - bs

## Vesturbakkinn: Dregið úr ferðahömlum

**MID-AUSTURLÖND, AP** Ísraelar hafa samþykkt að draga úr ferðahömlum á Vesturbakkanum á komandi vikum, sagði Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar. Þetta getur bætt aðstæður Palestínunanna verulega því vegatálmur og aðrar takmarkanir á ferðaferli hafa skert mjög lífs-gæði almennings.

Hosni Mubarak Egyptalandsforseti flugar boð Ariels Sharon, forsætisráðherra Ísraels, um að hitta hann í Jerúsalem. Áður hafði Sharon boðið Abbas á bugarð sinn í suðurhluta Ísraels og er búist við að þeir hittist þar á allra næstu vikum.

Samkeppnisstofnun:

## Auglýsingar úr umferð

**AUGLÝSINGAR** Auglýsingar Umferðarstofnu, þar sem meðal annars barn sést falla fram af svölum, brjóta gegn ákvæðum samkeppnis-laga að mati Samkeppnisstofnunar. Mikið hefur verið deilt um ágæti auglýsinganna og barst Samkeppnisstofnun kvörtun frá umboðsmanni barna sem bað stofnunina að kanna hvort þær samræmdust íslenskum lögum.

Ráðgjafanefnd stofnunarinnar var einróma sammála um að auglýsingarnar stríðu gegn lögum. Samkeppnisstofnun var sammála niðurstöðunni og hefur mælt til þess að Umferðarstofa taki auglýsingarnar úr umferð. - bs

Misnotaði barnabarn sitt:

## Skilorðsbundið fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi karlmann á sextugsaldri í gær í sex mánaða fangelsi fyrir að beita sonardóttur sína kynferðislegu ofbeldi. Dómurinn er skilorðsbundinn til þriggja ára.

Brotin áttu sér stað árin 2003 og 2004, þegar stúlkan var tíu og ellefu ára gömul, og játaði maðurinn brot sín skýlaust. Í dómsuppsögu er vísað til vottorðs geðlæknis sem maðurinn leitaði til í maí í fyrra „vegna mikilla og langvarandi kvíðaeinkenna“ sem eru sögð tengjast brotinum. Þá hafi maðurinn sætt meðferð vegna hegðunar sinnar að eigin ósk undanfarið

hálf ári og viljað halda henni áfram.

Maðurinn mun sjálfur hafa sætt kynferðislegu ofbeldi á unglingsárum, sem þykir hafa haft áhrif á hegðun hans. Hann er sagður hafa stundað meðferð „af alúð og einlægni“ og sýnt „mikla hryggð og iðrun vegna brots síns“.

Í dómsuppsögn er vísað að til greinargerðar frá Barnahúsi, þar sem stúlkan undirgekkst meðferð, þar sem segir að þótt brotið hafi sett mark sitt á hana sýni stúlkan „skýr merki um betri líðan bæði heima fyrir og í viðtölum“. - bs

**TOK plus**  
viðskiptahugbúnaður

Hagkvæmur rekstur

**ax**  
hugbúnaðarhús

Skeifan 8  
108 Reykjavík  
Sími 545 1000  
www.ax.is  
ax@ax.is

# GERÐU BETRI KAUP!



**GÓÐ KAUP!**

**1.990**

~~2.990~~

**Bestu BYKO kaupin**

ÞÁÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM

Vnr.68532031

## Geirungssög

LUX geirungssög, 550 mm, breidd 110 mm.

Vnr.77700309

## Verkfærakista

ZAG verkfærakista, 54x30x28 cm. Magnum.

**2.990**

~~3.690~~

Vnr.54300975

## Kastari

Halogen kastari með hreyfiskynjara, 500W, 220V. Hentugt sem þjófafæla í bakgarðinn.

**1.990**

~~2.890~~

Vnr.68116100

## Járnþúkkar

LUX járnþúkkar, 2 stk í setti. Breidd 100 cm, hæð 80 cm.

**3.990**

~~5.499~~

Vnr.50170184

## Álþrappa

Álþrappa, 4 þrep, vinnuhæð 2,80 m.

**3.290**

~~4.415~~

Vnr.90259649

## Straumbreytir

Straumbreytir sem breytir úr 12V í 220V, allt að 60W. Hentugt fyrir t.d. fartölvur í bílinn.

**1.690**

Vnr.38910040

## Járnhillur

Járnhillur, gráur. Hægt að setja upp á marga vegu. 100x40x188 mm.

Aðalsímanúmer: 515 4000

	Virkir dagar	Laugard.	Sunnud.
<b>Breiddin-Verslun</b> Sími: 515 4200	8-19	10-18	11-17
<b>Timburverslun-Breidd</b> Sími: 515 4100	8-18	10-16	
<b>Lagnadeild-Breidd</b> Sími: 515 4040	8-18	10-16	
<b>Leigumarkaður BYKO</b> Sími: 515 4020	8-19	10-18	11-17
<b>Hringbraut</b> Sími: 562 9400	8-19	10-18	11-17
<b>Hafnarfjörður</b> Sími: 555 4411	8-18	9-15	

www.byko.is



BYGGIR MEÐ ÞÉR

	Virkir dagar	Laugard.	Sunnud.
<b>Akranes</b> Sími: 433 4100	8-18	10-14	
<b>Akureyri, Glerártorg</b> Sími: 460 4800	8-18 <sup>30</sup>	10-17	
<b>Akureyri, Furuvöllum</b> Sími: 460 4860	8-18	10-14	
<b>Reyðarfjörður</b> Sími: 470 4200	8-18	10-14	
<b>Suðurnes</b> Sími: 421 7000	8-18	9-15	
<b>Selfoss</b> Sími: 480 4600	8-18	10-16	

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 09.02.2005			
		KAUP	SALA
	USD	63,05	63,35
	GBP	117,46	118,04
	EUR	80,58	81,04
	DKK	10,83	10,89
	NOK	9,65	9,70
	SEK	8,88	8,93
	JPY	0,60	0,60
SDR		XDR	94,78 95,34
Gengisvísitala krónunnar			
111,36 -0,21%			
Heimild: Seðlabanki Íslands			

Breytingar á Háskólasjóði Eimskipafélagsins:


# Hundrað milljónir á ári í rannsóknir

**STYRKARSJÓÐUR** Háskólasjóður Eimskipafélagsins mun árlega geta lagt Háskóla Íslands til 100 milljónir króna sem nýta á til að efla rannsóknartengt framhaldsnám meistara- og doktorsnema. Verðmæti sjóðsins er nú um 2,2 milljarðar króna.

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðaráss, og Páll Skúlason Háskólarektor undirrituðu viljayfirlýsingu um breytingar á hlutverki sjóðsins. Sjóðurinn mun leggja hálfan milljarð til byggingar háskólators og stuðla með því að lausn á bráðum húsnæðisvanda Háskóla Íslands.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins var stofnaður 1964 til minningar um Vestur-Íslendinga sem áttu þátt í stofnun skipafélagsins. Sjóðurinn hefur til þessa allur verið varðveittur í bréfum í Eimskipafélaginu en mun nú fá heimild til að minnka hlut sinn í félaginu og er markmiðið að sjóðnum verði stýrt með tilliti til eðlilegrar áhættudreifingar slíkra sjóða. Stjórn Eimskipafélagsins á hverjum tíma réð atkvæðisrétti eignar sjóðsins. Páll Skúlason segir breytingar á starfsemi sjóðsins stórt skref í þá átt að efla Háskóla Íslands sem rannsóknarháskóla.

- hh



**TÍMAMÓT TVEGGJA BURÐARÁSA** Eimskipafélagið og Háskóli Íslands voru burðarásar í framþróun samfélagsins á síðustu öld. Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðaráss, og Páll Skúlason Háskólarektor handsöluðu að viðstöddum ráðherrum viljayfirlýsingu sem markar tímamót í starfi Háskóla Íslands.

Aðstoð vegna flóðbylgjunnar:

## Ekki staðið við loford

**INDÓNESÍA. AP** Margareta Wahlstrom, sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna, segir ríkisstjórnirnar sem ákveðið hafi að veita fjármuni til hjálpar- og uppbyggingarstarfs eftir flóðbylgjuna í Indlandshafi aðeins hafa gefið brot af því sem lofað hafi verið.

Af þeim 65 milljörðum króna sem lönd víða um heim höfðu lofað í aðstoð hefur aðeins um þriðjungurinn skilað sér. Skilað boð Wahlstrom eru mjög skýr: „Vinsamlegast standið við loforðin og leggið reiðufé inn í bankann.“ ■



**VIÐ GUÐSPJÓNUSTU** Angelo Sodano, nærstráðandi páfa, blessar James Stafford kardinála sem stýrði guðspjónustu í fjarveru páfa.

Jóhannes Páll II: Messufall hjá páfa

**VATIKANIÐ. AP** Jóhannes Páll páfi II var fjarverandi bænahald á öskudag sem markaði upphaf páska-föstudunnar. Þetta er í fyrsta skipti frá því hann var valinn páfi fyrir rúmum 26 árum sem slíkt gerist.

Páfi liggur enn á sjúkrahúsi en þangað var farið með hann í skyndi 1. febrúar þar sem hann var með flensu og striddi við öndunarerfiðleika.

Bandaríski kardinálinn James Stafford stýrði guðspjónustu í Péturskirkju í fjarveru páfa. ■

Franska þingið: Rýmka vinnutíma

**FRAKKLAND. AP** Neðri deild franska þingsins samþykkti í gær að rýmka reglur um vinnutímalengd. Breytingin er afar umdeild en rúmlega 300 þúsund manns fóru í mótmælagöngu gegn breytingunni um helgina.

Verði frumvarpið að lögum, en til þess þarf samþykki öldunga-deildarinnar, mega Frakkar vinna allt að 48 klukkutíma á viku, í samræmi við reglur Evrópusambandsins. Með frumvarpinu er að sögn andstæðinga þess víkið frá 35 tíma vinnuvikunni sem stjórn sósíalista kom á undir lok síðasta árs þar sem fólk getur tekið á sig ólaunaða yfirvinnu. ■

# Fjórir formenn segja af sér

Reiknað er með átökum í danska Jafnaðarmannaflokki eftir að Mogens Lykketoft sagði af sér. Hann ýjaði að því að stjórnarflokkarnir hefðu notast við ríkisfé í kosningabaráttunni. Þrjár aðrir formenn tilkynntu einnig afsögn.

**DANMÖRK** Formenn fjögurra stjórnmálaflokka sögðu af sér í gær eða fyrrakvöld, þegar ljóst var að flokkarnir höfðu tapað í kosningunum sem haldnar voru í Danmörku í gær.

Fyrstur til að segja af sér var Mogens Lykketoft, leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins, sem tilkynnti áður en lokaniðurstöður voru ljósar að hann myndi segja af sér í dag, fimmtudag. „Þetta voru hræðilegar kosningar fyrir okkur“, sagði hann við blaðamann AP. Hann kenndi fjárskorti um ófarir flokksins, sem missti fimm mism af þingi og fékk einungis 25,9 prósentu fylgi eða 47 þingmenn. Hann sagði jafnframt að ríkisstjórnin hefði meiri peninga til að eyða í kosningaherferðina. Lykketoft varð formaður 2002, en eftir kosningarnar 2001 sagði Poul Nyrup Rasmussen af sér formennsku. Allar skoðanakannanir bentu til þess að flokkurinn myndi tapa enn meira fylgi í þessum kosningum, en Lykketoft sagði ítrekað fyrir kosningarnar að hann myndi ekki segja af sér.

Í gær tilkynntu einnig Holger K. Nielsen, formaður Sósíalíska þjóðarflokksins, Mimi Jakobsen, formaður Miðdemókrata, og Rune



**SIGURRÆÐAN HALDIN** Anders Fogh Rasmussen mun ekki segja af sér sem formaður Venstre, þrátt fyrir að flokkur hans hafi tapað fjórum þingmönnum. Fjórir aðrir formenn tilkynntu afsögn sína í gær.

Engelbreth Larsen, formaður Minnihlutaflokksins, að þau hygðust segja af sér formennsku. Sósíalíski þjóðarflokkurinn

fékk ellefu þingmenn og missti einn þingmann, þvert á allar væntingar. Fyrstu skoðanakannanir bentu til að flokkurinn myndi bæta við sig einum eða tveimur mönnum. Miðdemókratar náðu ekki bætti við sig þing frekar en í síðustu kosningum og Minnihlutaflokkurinn, sem bauð ekki fram fyrir fjórum árum, náði ekki manni á þing.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin í Danmörku hafi haldið velli í gær misstu stjórnarflokkarnir tveir einn þingmann. Af stuðningsflokki stjórnarinnar jók Danski þjóðernisflokkurinn við fylgi sitt og bætti við sig tveimur þingmönnum. Kristilegir demókratar misstu sína fjóra þingmenn. Borgaralegu flokkarnir fengu því 95 þingmenn, en stjórnarandstöðuflokkarnir 80. Eftir að Anders Fogh Rasmussen fundaði með Margræti Danadrottningu í gær og lýsti yfir sigri sagði hann fréttamönnum að hann og Bendt Bendtsen, formaður íhaldsmanna, væru að íhuga breytingar á ráðherraskipan. Hann sagði þó af og frá að fulltrúar Danska þjóðarflokksins tækju þar sæti.

svanborg@frettabladid.is

Skoðanakönnun Mannlíf:

## Flestir vilja Ingibjörgu

**STJÓRN MÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nýtur rúmlega tvöfalt meiri stuðnings en keppinautur hennar um formannssæti í Samfylkingunni, Óssur Skarphéðinsson, s a m k v æ m t nýrri skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Mannlíf.

Spurt var: „Hvort telur þú að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eða Óssur Skarphéðinsson sé hæfari til að gegna formennsku í Samfylkingunni?“ Rúm 53 prósent töldu Ingibjörgu hæfari en rúm 28 prósent töldu Óssur. Alls töldu um 18 prósent aðspurðra hvorugt þeirra hæft eða bæði jafn hæf. Úrtakið var 1.288 manns og svarhlutfall var rúm 60 prósent.

- sda



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Atlantshafsbandalagið: Fé lagt í þjálfun

**NATO. AP** Davíð Oddsson utanríkisráðherra sat fund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins (NATO) þar sem rætt var hvornig bandalagið kæmi að þjálfun íraskra öryggisveita og áætlanir um að það tæki að sér friðargæslu á stærra svæði í Afganistan en nú er. Ríkisútvarpið greindi frá því að Íslendingar hefðu lofað tólf milljónum króna til þjálfunar öryggisveita og að Íslendingar sjái að auki um flutning vopna frá Slóveníu til Íraks. Íslendingar hétu því á fundi NATO fyrir innrásina í Írak að leggja fram allt að 300 milljónir til aðgerða í Írak í nafni bandalagsins.

- þþg

**SUBARU**  
MED HUGANN VÍÐ AKSTURINN

Subaru Impreza Sedan  
Verð áður 2.160.000  
Verð nú 1.990.000

# =170.000

króna gengishagnaður

## IMPREZA

Verð á mán 23.021,-\*

Ingvær Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

\*Bilamennur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% línuborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

**Veðrið**

**HORFUR Á BJART-VÍÐRI ALLVÍÐA**  
Ef fer sem horfir ætti að verða léttskýjað eða í það minnsta bjartvíðri víða um land. Stöku eljaklakkar eru þó hér og hvar yfir landinu, einkum þó vestan og norðan til. Vindur verður nokkuð ákveðinn af vestri.

**VEDURHORFUR HELGARINNAR**  
Á laugardag eru horfur á allhvassri vestanátt á suðurhelmingi landsins og eljagangi allvíða, síst suðaustan til. Hægt hlýnandi veður síðla sunnudags með slyddu og síðar rigningu suðvestan til.

**Í dag**

**Á morgun**

**Laugardagur**

**Veðrið úti í heimi í dag**

Kaupmannahöfn	8°C skýjað - skúr	Paris	11°C alskýjað	Torrevieja	16°C léttskýjað
Osló	3°C slydduél	Prag	2°C skýjað	Róm	11°C skýjað
Stokkhólmur	7°C skúr	Amsterdam	10°C skýjað-skúr	New York	3°C eljagangur
London	12°C léttskýjað	Varsjá	1°C heiðskirt	Miami	26°C skýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Að sjálfsögðu bragðast hann betur en annar bjór. Við höfum haft meira en 600 ár til að fullkomna uppskriftina. Brugghúsið okkar hefur verið starfrækt í Leuven í Belgíu frá árinu 1366 sem þýðir að við höfum verið lengur að en flestir. Á þessum tíma höfum við upplifað ýmsar breytingar. Viðskiptavinir okkar drekka til dæmis bjórinn ekki lengur til að verjast plágunni, eins og þeir gerðu á miðöldum. Hvað sem öðru líður þá er eitt sem hefur ekki breyst allan þennan tíma, Stella Artois er enn bruggaður samkvæmt aldagamalli hefð úr besta fáanlega hráefni. Þess vegna eigum við enn tryggan hóp viðskiptamanna, 600 árum síðar.



0,0%



## KJÖRKASSINN

Borðaðir þú saltkjöt á sprengidaginn?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	72%
Nei	28%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu sátt(ur) við að Selma Björnsdóttir verði fulltrúi Íslands í Eurovision?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



## Morðóð systkini: Grófu líkin í steypu

**BANDARÍKIN, AP** Systkini í Indiana í Bandaríkjunum hafa játað að hafa myrt móður sína, ömmu og afa.

Lögreglan stöðvaði systkinin, sem eru 29 og 18 ára, fyrir of hraðan akstur. Þegar lögreglumaður leit inn í bílinn sá hann blóðug fót, skartgrip og peninga og vöknudu þá grunsemdir. Í kjölfarið viðurkenndu systkinin morðin og bentu lögreglunni á líkin sem voru grafin í steypu í kjallara í húsi. ■

### NORÐURLÖND

**LISTI FLÓDAFÓLKS BIRTUR** Sænska lögreglan birti í gær lista með nöfnum nærri 600 Svía sem saknað er eða eru látnir eftir náttúruhamfarirnar í Asíu á annan í júlum. Listann birti lögregla eftir að dómari sagði fjölmörg og almenning eiga rétt á að sjá listann.

Heilbrigðisráðherra svarar fyrirspurn um heimilisofbeldi:

# Tveir hópar þolenda á eina neyðarmóttöku

**ALÞINGI** Ef sú leið verður farin að setja ekki á fót sérhæfða móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis heldur nýta neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana fyrir báða hópana verður að tryggja meira fjármagn í þá móttöku, að mati Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns, sem segir að þegar komi að baráttu gegn heimilisofbeldi þurfi hún að njóta forgangs.

Heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, svaraði fyrirspurn Ágústs á Alþingi í gær þess efnis hvort ráðherra hygðist beita sér fyrir stofnun neyðarmóttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir þolendur heimilisofbeldis. Taldi

hann ef til vill ekki ástæðu til að koma á sérhæfðari móttöku á LSH en nú væri þegar fyrir hendi.

„Þarna virðist vera orðin sú stefnubreyting að ríkisstjórnin muni ekki standa fyrir sérhæfðri móttöku fyrir þennan hóp,“ sagði Ágúst Ólafur, sem benti á að árið 2002 hefði ríkisstjórnin samþykkt að leggja fé í að koma á fót sérhæfðri móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis. Síðan hefði þáverandi dómsmálaráðherra gert samkomulag við LSH og tvær milljónir hefðu verið lagðar í verkefnið, sem hingað til hefðu aðeins nýst í lögfræðiaðstoð tveggja kvenna.



### HEIMILISOFBELDI

Skammt er liðið síðan mótmælasmokoma var haldin á Arnarhóli til að mótmæla dómi í Reykjanesi um heimilisofbeldi.

### EVROPA



**SPRENGING Í NÁMU** Sautján hið minnsta létust og nfu er saknað eftir gassprengingu í kolanámu í Rússlandi. Alls voru 30 kolanámumenn í námunni þegar sprengingin varð og voru fjórir fluttir á sjúkrahús slasaðir en ekki í lífshættu.

### MORANDI Í KJARNORKUVOPNUM

Bandaríkjamenn eru enn með 480 virk kjarnorkuvopn í herstöðvum sínum í Evrópu ef marka má mat Natural Resources Defence Council, félagasamtaka sem fylgjast með vopnabirgðum ríkja. Þau segja kjarnorkuvopnin geymd í sex löndum Evrópu, flest í Þýskalandi eða 150.

# Farmurinn líklega orsök

Rannsókn stendur nú yfir vegna sjóslýssins þegar Jökulfell, leiguskip Samskipa, sökk á mánudagskvöldið. Talið er líklegt að þau tvö þúsund tonn af stáli sem skipið flutti hafi færst til í lest skipsins og valdið slysinu.

**HAMFARIR** „Rannsókn stendur yfir og á meðan svo er vil ég ekki fara út í getgátur um hvað fór úrskeiðis þegar slysið átti sér stað,“ segir Claus Thornberg, framkvæmdastjóri skipafélagsins Tesma, en það félag sá um rekstur og mönnun MS Jökulfells sem sökk á mánudagskvöldið með þeim afleiðingum að fjórir létust og tveir eru taldir af.

Getgátur hafa verið um að með tilliti til þess að veður og sjólag var ekki með þeim hætti að skipinu stafaði mikil hætta af sé líklegasta ástæðan fyrir sjóslýsinu sú að farmur skipsins hafi losnað eða færst til með þeim afleiðingum að það tók skyndilega að halla. Sé það rétt útskýrir það flýti áhafnarmedlima sem náðu að senda neyðarkall en gafst enginn tími til að tilgreina hvers konar neyð væri um að ræða áður en þeir flýðu sökkvandi skipið.

Frá því hefur verið skýrt að þeir fimm áhafnarmedlimir sem björguðust um borð í danska varðskipið Vædderen voru sjálfir á þeirri skoðun að farmurinn hefði færst til og valdið slysinu og rennur sú staðreynd að skipið flutti tæp tvö þúsund tonn af stáli stöðum undir þá kenningu en sú vara er ekki flutt venju samkvæmt í gámum heldur eingöngu bundin saman og liggur sér í lest skipsins. Þeir sérfræðingar sem Fréttablaðið leitaði til voru allir á einu máli um að fari svo þungur farmur, tvö þúsund tonn af stálbitum eða plötum, af stað í flutningaskipi geti þunginn einn og sér nægt til að velta því en ekki er heldur loku fyrir það skotið að stálið beinlínis skeri gat á byrðing skipsins undir sjólinu. Hvort heldur sem er gefst skipverjum þá lít-



### SKIPBROTSMENN KOMA TIL FÆREYJA

Þeir fimm skipverjar sem lifðu af komu til Þórshafnar með danska varðskipinu Vædderen í gærmorgun. Rannsókn er þegar hafin á tildrögum slyssins og líklegt að sjópróf hefjist í dag.

ill tími til að komast frá borði og er þegar ljóst að tveir þeirra sem fundust látnir höfðu ekki náð að klæða sig að fullu í flotgalla áður en þeir fóru í sjóinn.

Hjá skipafélaginu Tesma fengust þær upplýsingar að það teymi sem sá um að lesta Jökulfell hefði gríðarlega reynslu enda væru lestuð þar yfir 50 þúsund tonn af stáli í mánuði hverjum. Ekkert hefði verið óvenjulegt við lestun í Jökulfelli áður en skipið hélt af stað til Íslands.

[albert@frettabladid.is](mailto:albert@frettabladid.is)



### JÖKULFELL

Skipið liggur nú á hafsbotni tæplega 60 sjómílum norðvestur af Færeyjum og eru sjópróf hafin vegna slyssins.

ETA lýsir ábyrgð á hendur sér vegna sprengjuárásar:

## Tugir særðust í árás Baska

**SPÁNN, AP** „Það sem bjargaði mér var tölvan mín,“ sagði Manuel Amenteros eftir að sprengja þeytti honum úr sæti sínu á skrifstofu í útjaðri Madrídarár í gærmorgun. 43 særðust þegar bíll hlaðinn sprengiefnum var sprengdur í loft upp frammi fyrir skrifstofubýggingu.

ETA, herskári aðskilnaðarhreyfingu Baska, er kennt um árásina. Tæpum klukkutíma áður en sprengjan sprakk varaði maður sem sagðist tala fyrir hönd ETA við sprengingu á þeim slóðum þar sem sprengingin varð. Gluggar nærliggjandi húsa



### GERT AÐ SÁRUM FÓLKS

Tugir manna urðu fyrir glerbrotum sem kraftur sprengingarinnar þeytti víða.

brotnuðu og skárust flestir þeir sem særðust á fljúgandi glerbrotum. „Ég var mjög heppinn,“ sagði Julio del Valle sem slapp með skrámur á öðrum handleggnum. Skrifstofa hans var beint á móti staðnum þar sem sprengingin varð og þrýstingurinn braut rúðuna.

„Ég vil segja hryðjuverkamönnum ETA, og stuðningsmönnum þeirra, að það er ekkert pláss fyrir þá, hvorki í spænskum stjórnmálum né þjóðlífi,“ sagði Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, eftir árásina. ■

**ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM** **OUTLET** **FISKISLÓÐ 75**

Mikið úrval af dómum, herra og barnaskóm á góðu verði

**VERÐHRUN Á VÖLDUM VÖRUM**  
**VERÐ FRÁ 500 KR**

STAFENIR 36-41 3.900,-  
STAFENIR 22-35 1.900,-  
STAFENIR 36-41 2.900,-  
STAFENIR 35-40 2.900,-

**ATHUGIÐ:**  
BREYTTAN ÖPNUNARTÍMA Í JANÚAR OG FEBRÚAR  
ÖPUD FIMMTUDAGA OG FÖSTUDAGA 13-18 OG LAUGADAGA 12-16,  
LOKAD AÐRA DAGA.

Fiskislóð 75 (út á Grandi), 101 Reykjavík, s:514-4407

X18 **SKECHERS** **every1**

# Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX  
FREE  
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum  
afnemum við VSK.  
af snyrtivörumerkjum.

**Dagana 10.-13. febrúar  
eru fríhafnardagar í öllum  
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.  
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



### VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir formaður danska Jafnaðarmannaflokksins sem ætlar að segja af sér?

2 Hver verður fulltrúi Íslands í Eurovision?

3 Hversu margir sóttu um stöðu fréttastjóra Ríkisútvarpsins?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

## Háskóli Íslands: Kvenkennurum fjölgað

**JAFNRÉTTI** Konum hefur fjölgað verulega í hópi kennara við Háskóla Íslands síðustu sjö árin. Af öllum kennurum voru konur aðeins fimm tungur árið 1997 en tæpur þriðjungur árið 2004, eða 29 prósent.

Árið 1997 voru 52 prósent lektora konur en í fyrra voru þær 58 prósent lektora. Konur voru 22 prósent dósentar árið 1997 en í fyrra voru þær 29 prósent. Árið 1997 voru konur 6 prósent prófessorar en í fyrra hafði hlutfallið rúmlega tvöfaldast, var 14 prósent.

Þetta kom fram hjá Páli Skúlasyni háskólarektor á málundi í Háskóla Íslands nýlega.

- ghs

### HLUTFALL KVENNA

meðal kennara við HÍ 1997 og 2004

1997		2004
Lektorar	52%	58%
Dósentar	22%	29%
Prófessorar	6%	14%
Allir kennarar	20%	29%

2004		2004
Lektorar	58%	58%
Dósentar	29%	29%
Prófessorar	14%	14%
Allir kennarar	29%	29%

Lyfjaverðsnefnd og Actavis:

## Samkomulag um verð á hjartalalyfi

**LYFJAMÁL** Samkomulag hefur náðst milli lyfjaverðsnefndar og lyfjafyrirtækisins Actavis um verðlagningu á nýju hjartalalyfi sem kemur á markað innan skamms. Að sögn Páls Péturssonar, formanns nefndarinnar, lækkaði fyrirtækið fyrirhugað verð umtalsvert, sem var grundvöllur þess að samkomulag næðist.

Um er að ræða hjartalalyfið Ramipril sem hefur hlotið íslenska sérheitið Ramil. Ágrein-

ingur stóð um verð lyfsins á markaði hér.

„Fyrirtækið lækkaði sínar verðhugmyndir og kom með aðrar sem voru skikkanlegar,“ sagði Páll. „Nú tekur verðið mið af verði hliðstæðra lyfja í Svíþjóð og Noregi. Það var á mjög lágu verði í Danmörku og þess vegna miðuðum við ekki við það land í þessu tilfalli. Venjulega tökum við mið af þessum þremur löndum.“

Ég tel að þetta verð sem samkomulag náðist um sé alveg við-



PÁLL PÉTURSSON

Verðhugmyndir vegna hjartalysins Ramil náðust umtalsvert niður.

unandi. Það er miklu ódýrara heldur en frumlyfið. Það varð góð sátt um þetta og um að ræða umtalsverða lækkuð,“ bætti Páll við,

en kvaðst ekki vilja tjá sig um hve lækkuð hafi verið mikil í krónum talið.

- jss

# Líknarskrá léttir á aðstandendum

Tilkoma líknarskrár mun létt á aðstandendum, bæði hvað varðar umræður um ákvarðanatöku við lækni meðferð og eins varðandi líffæragjafir. Einstaklingur getur alltaf endurmetið ákvarðanir í líknarskrá sinni.

**LANDLÆKNIR** Tilkoma líknarskrár kemur til með að létt á aðstandendum, sem ella stæðu frammi fyrir því að eiga þátt í ákvarðanatöku um lækni meðferð einstaklings, segir Sigfinnur Þorleifsson sjúkráðgjafi og prestur á Landspítala – háskóla-sjúkrahúsi.

Landlæknisembættið er nú að leggja lokahönd á gerð líknarskrár, þar sem fólk getur skráð vilja sinn um lækni meðferð undir ákveðnum kringumstæðum. Það getur til að mynda hafnað því að vera sett í öndunarvél, hjartahnoð eftir áfall og svo framvegis.

„Það er engin spurning að það er afskaplega gott að vita vilja fólks í þessum efnum við tiltekna aðstæður,“ sagði Sigfinnur. „Því má þó ekki gleyma að fólk getur endurmetið ákvarðanir sínar og stundum kann að vera ástæða til þess. Einstaklingurinn getur ályktað eitthvað þegar hann er við góða heilsu, en síðan breytt um skoðun ef veikindi herja



SIGFINNUR ÞORLEIFSSON

Einstaklingur getur alltaf endurmetið þær ákvarðanir sem hann hefur skráð og undirritað í líknarskrá.

á. En ég tel að það sé gott fyrir alla að hugsa um þessa hluti, hver svo sem ákvörðunin kann að verða.“

Sigfinnur sagði að þegar teknar væru stórar lækni meðferðir ákvarðanir væri slík ákvarðanatöku í höndum læknisins. Tilgangurinn væri alltaf að nálgast þann sem málið varðaði og vinna það meðal annars út frá þekkingu aðstandenda. Síðfræðilega væri enginn munur á því að hefja ekki meðferð og hætta meðferð. Oft væri erfiðara fyrir aðstandendur að standa frammi fyrir því að gripið væri inn

í meðferð sem þjónaði ekki lífinu.

Líknarskráin tekur einnig til vilja fólks varðandi líffæragjafir. Fram hefur komið að kannaður var vilji aðstandenda í þeim efnum á árunum 1992-2002. Í ljós kom að um 40 prósent þeirra höfðu hafnað líffæragjöf úr látnum ættingja.

„Ég dreg þessar tölur ekki í efa,“ sagði Sigfinnur. „En það kom sjálfum mér á óvart í upphafi hve gjafmild þjóðin er. Stundum hafa aðstandendur jafnvel orð á þessu að fyrra bragði, ef til vill vegna þess að hinn látni hefur einhvern tíma sagt vilja gefa líffæri eða þá að það fellur vel að persónunni, að vilja gefa af sér. Í þessu sem öðru er best að vita hvað þessi tiltekni einstaklingur vill.“

Aðalatriðið hlýtur alltaf að vera að sú niðurstaða sem fæst sé rétta niðurstaða, þannig að fólk kveðji sátt við það sem hefur verið gert. Það þarf að hafa velferð einstaklingsins í fyrirrúmi út yfir gróf og dauða og fara með málefni lífs og líðinna af virðingu.“

jss@frettabladid.is

## Barnaníðingar: Komst upp eftir 20 ár

**BRETLAND** Leit er hafin að tveimur mönnum sem nauðuguðu tólf ára stúlku fyrir tuttugu árum síðan að sögn Sky-fréttastofunnar. Stúlkan, sem nú er orðin fullorðin hélt atvikinu ávallt leyndu fyrir fjölskyldu sinni og vinum. Eiginmaður hennar komst hins vegar að hinu sanna þegar hann sá fyrir tilviljun myndbandsupptöku sem nauðgararnir höfðu gert af nauðguninni.

Konan segir að annar manna hafi gefið henni áfengi og dælt í hana pillum. „Eftir að ég var misnotuð kynferðislega sagði ég engum frá þessu vegna þess að ég skammaðist mín og fannst ég óhrein. Ég vildi bara gleyma þessu,“ sagði hún. ■



BANNAÐ Í VIRGINÍU

Þessi íslenski unglíngur hefur fengið sekt fyrir að láta sjást í nærbuxur sínar með þessum hætti í Virginíuríki í Bandaríkjunum.

## Bandaríkin: Engar nærur takk

**BANDARÍKIN** Táningar og ungmenni í Virginíu í Bandaríkjunum gætu mörg hver þurft að endurskoða fatasmekk sinn eftir að ríkisþingið samþykkti að sekta alla þá sem verða nú allir sektaðir um rúmar 3.500 krónur fyrir hvert sinn sem hvers kyns undirfatnaður ber fyrir augu á almannaþæri. ■

Sem kunnugt er eru fáir menn, eða konur, með mönnum þessa dagana án þess að hífa nærur sínar vel upp úr gallabuxum sínum en nú er svo komið að margir íbúar ríkisins fá fyrir hjartað þegar slíkt ber fyrir augu. Þess vegna hafa þingmenn tekið málið upp og verða nú allir sektaðir um rúmar 3.500 krónur fyrir hvert sinn sem hvers kyns undirfatnaður ber fyrir augu á almannaþæri. ■

Methagnaður hjá olíufyrirtækjunum Shell og BP á síðasta ári:

## Ólga meðal almennings í Bretlandi

**BRETLAND** Methagnaður hjá olíufélögnum Shell og BP í Bretlandi hefur valdið mikilli ólgu meðal þarlandra neytenda sem þykir sýnt að gríðarlegur hagnaðurinn sé bein afleiðing hárrar álagningar fyrirtækjanna á bensín og olíu.

Þykir hagnaður félaganna tveggja það mikill að stjórnálmenn eru þegar farnir að ræða um að leggja sérstakan skatt á fyrirtæki sem sýna slíka plúsa í bókhaldi sínu. Að mörgu leyti svipar ástandinu í Bretlandi til Íslands en löndin tvö bjóða þegnum sínum upp á dýrasta bensínverð í heiminum og enn fremur er skatt-

lagning með svipuðu sniði. Um 70 prósent bensínsverðsins fara í vasa ríkisins þar eins og hér.

Sem dæmi hagnaðist BP um sem nemur 114 milljónum króna á hverri klukkustund á síðasta ári en hagnaður þeirra var þó talsvert minni en gróði hins ensk-hollenska Shell. Eru margir bíleigendur á þeirri skoðun að fyrirtækin ættu að sjá sóma sinn í að minnka gróðann og lækka verð á eldsneyti sem hefur ekki verið hærra um langa hríð og segja sérfræðingar að litlar sem engar líkur séu á að olíuverð lækki mikið á næstu mánuðum. ■



SHELL Á ÍSLANDI

Móðurfyrirtækið sýndi methagnað á síðasta ári og hefur aldrei neitt fyrirtæki skráð á breska hlutabréfamarkaðinn áður sýnt viðlíka hagnað.

**14** eiginleg innskotabörð

**HÚS OG HÍBYLI**

Stofuráð  
Stofuráðgjafi

Gólfefnadýrð í Mosfellsbæ  
Gólfefnadýrð í Mosfellsbæ

Óskar Tomasson í B&O

Baltasar Samper myndlistarmálar

Eldið með Ólu Sögu

**Birta**  
í Stundinni okkar:  
Þóra Þorvaldsson

Flottustu græjur

ÞÓRA Í STUNDINNI OKKAR  
í ægifagurri íbúð í Vesturbæ

GÓLFEFNADÝRÐ  
í Mosfellsbæ

Smekkmáðurinn  
ÍVAR ÖRN SVERRISSON

LISTAMAÐURINN  
BALTASAR SAMPER

STOFUR OG STOFURÁÐ  
- og flottustu græjur

❖ Hús og híbýli - Þinn lífstíll



BÓNUS

Matur fyrir dýrið þitt



**39**  
400g KR.

Ferskar ALI svínakótelettur



EKKERT BRUÐL  
**779**  
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN  
Merkt verð 1298kr.  
**40%**  
afsláttur  
við Kassann

FERSKAR ALI SVÍNAKÓTELETTUR  
**779**  
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN  
Merkt verð 1298kr.

**Allt fyrir þig...**



Loftrauun  
Kyllingubrystfilét  
Frosnar KTÚKLINGABRINGUR danskar  
**1299**  
kg KR.



DANSKT KAFFI  
MILLIBRENNT  
**159**  
500g KR.



Villikrydduð lambasteik  
**999**  
kg KR.



**29**  
340g KR.



**59**  
1 lítri KR.



HÁLFDÓS  
**29**  
KR. 420g



Villikryddað lambalæri  
**899**  
kg KR.



KOFAREYKT  
SVEITABJÚGU  
**299**  
kg KR.




2 LÍTRAR  
**89**  
KR.



KJARNAFÆÐI  
Villijurtakryddað  
LÚXUS  
LAMBALÆRI  
INNHALD: LAMBKJÖT OG KRÝDD



10 frosnir ungnauta  
Bónushamborgarar  
115g hver  
Frosnir BÓNUS hamborgarar  
**999**  
KR.  
10x115g



Hrása  
salat  
Kartöflu  
salat  
KARTÖFLUSALAT/HRÁŠALÁT  
**99**  
350g KR.

**Kolsýrt vatn**

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 10. feb. til sunnudags 13. feb. eða meðan birgðir endast



Umsóknarfrestur um hreindýraveiðar rennur út 15. febrúar:

## Umsóknunum rignir inn

**AUSTURLAND** Eftirspurn eftir hreindýraveiðileyfum hefur aukist verulega. Umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 15. febrúar og hafa nú þegar borist yfir 1.400 umsóknir. Á sama tíma í fyrra voru umsóknirnar 1.100 talsins. 800 veiðileyfum fyrir níu veiðisvæði verður úthlutað í kringum 20. febrúar. Veiðileyfin hafa hækkað í samræmi við vísitöluna en það hefur greinilega ekki dregið úr ásókninni.

„Hreindýraveiðar eru rosalega vinsælar. Við vitum ekki hvort þetta er tiskufyrirbrigði eða hvort þetta er vegna þess að rjúpan er friðuð en það er allavega mikil eftirspurn eftir leyfum,“ segir

Karen Erla Erlingsdóttir, starfsmaður Hreindýraráðs.

Hreindýrunum hefur farið fjölgandi síðustu ár. Stefnt er að því að halda þeim um 3.000 en þau eru um 4.000 nú. „Það virðist vera ágætt ásigkomulag á þeim enda er tíðin svo góð.“

Í vor verður byrjað að horna-mæla til að finna út hver hefur veitt hreindýrið með stærstu krúnuna. Slíkar mælingar tókast erlendis en hafa aldrei átt sér stað hér á landi áður.

- ghs

**HREINDÝRUM HEFUR FJÖLGAD**  
Vinsældir hreindýraveiða hafa aukist þó að veiðileyfin hafi hækkað í verði.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þjófavörn bíla: Burt með sírenurnar

**BRETLAND** Breskur þingmaður hefur lagt fram lagafrumvarp sem setur takmörk fyrir því hversu hátt og hversu lengi megi heyrast í þjófavarnakerfum bíla.

„Þjófavarnakerfi bíla eru orðin að plágu,“ hefur Sky-fréttastofan eftir Norman Baker, þingmanni Frjálslyndra demókrata, sem lagði frumvarpið fram. Hann segir þjófavarnasírenur úreltar og vill að í staðinn komi ný tækni sem geri kleift að leita bílana uppi eða komi í veg fyrir að þeim sé ekið á brott. Samkvæmt frumvarpinu má ekki heyrast í þjófavarnakerfum lengur en 90 sekúndur. ■



**GJÖFIN AFHENT**

Benedikt Kristjánsson og Sigurður Svavarsson afhenda Guðrúnu Margréti Pálsdóttur gjöfina.

Félag bókaútgefenda:

## Milljón í hjálparstarf

**HJÁLPARSTARF** Félag íslenskra bókaútgefenda hefur gefið eina milljón króna til hjálparstarfs ABC barnahjálpar vegna hamfaranna við Indlandshaf. Sigurður Svavarsson formaður félagsins og Benedikt Kristjánsson framkvæmdastjóri afhentu Guðrúnu Margréti Pálsdóttur, frumkvöðli ABC barnahjálpar, upphæðina í janúar.

Gjöfinni verður meðal annars varið til að koma upp bókasafni á El Shaddai barnaheimilinu við austurströnd Indlands, en þar dvelja nú 173 börn. Eva Alexander, forstöðukona barnaheimilisins, hefur verið beðin um að taka við munaðarlausum börnum í kjölfar flóðbylgjunnar og getur tekið við 25 börnum strax.

- bs

Sjálfbær þróun:

## Markið sett á 2015

**UMHVERFISMÁL** Hægt er að ná svokölluðum þróunarmarkmiðum árbúsundsins árið 2015 með samhentun átaki alþjóðasamfélagsins. Þetta var meðal niðurstaðna fundar um sjálfbæra þróun sem haldinn var í Delí á Indlandi dagana 3. til 6. febrúar.

Ólafur Ragnar Grímsson setti fundinn sem var sóttur af fulltrúum ríkisstjórna, fyrirtækja, hagsmunasamtökum og vísindamönnum. Framsögumenn voru flestir sammála um að þróunin í átt að sjálfbærri þróun hafi gengið of hægt fyrir sig hingað til en með samhentun átaki og auknum samskiptum milli þróunarlanda og þróaðra landa megi gera skurk í þessum málum.

- bs

### LEIÐRÉTTING

**RÖNG NÖFN** Rangt var farið með föðurnafn Ágústu Sigrúnar Ágústsdóttur í Kópavogsblaðinu sem fylgdi Fréttablaðinu í gær. Þá var föðurnafn Margrétar Ólafsdóttur leikkonu misritað í sama blaði. Hlutadeigandi og lesendur eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

**EKKI HÖFUNDUR** Á miðvikudaginn birti Fréttablaðið grein um málefni Leiðsögumannafélagsins. Önnur þeirra sem skráð voru fyrir greininni, Sólrún Jónsdóttir, vill taka fram að nafn hennar hafi verið sett undir greinina fyrir miskilning milli hennar og aðila sem kom greininni á framfæri.

# MYNDARLEGUR SPARNADUR

**ALLTAF ÖDÝRARI**

Verð áður: 12.900

**7.900**

Prentari  
CANON i475D

Verð áður: 1.139

**399**



Úrklippubók  
svört og brún blöð

Verð áður: 1.190

**690**

Skrifanlegir diskar 20stk

Verð áður: 1.290

**990**

Ljósmyndapappír  
SG-101 Semi Gloss

Verð áður: 89

**9**

Bantex límstifti

Verð áður: 499

**199**

Myndaalbúm 200 mynda

Verð áður: 1.990

**399**

Geisladiskaveski fyrir 96 diska

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d Opið virka daga 10-18  
Sími 533 1010 Laugardaga 10-14

**GRIFFILL**

Tilboðin gjalda til 16. febrúar eða á meðan birgðir endast.

EFTIRMÁL: FJÁRVEITING TIL MANNRETTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS

## Vandræðagangur í ráðuneytinum

Mannréttindaskrifstofa Íslands stendur uppi aurlaus. Dómsmálaráðuneytið auglýsti eftir umsóknum um styrki fyrir 1. febrúar og sendi Mannréttindaskrifstofan inn umsókn en ekkert liggur fyrir um það hversu margar umsóknir hafa borist, hvenær ákvörðun verður tekin og hvort og þá hversu mikið fjármagn Mannréttindaskrifstofan fær af þeim fjórum milljónum sem ráðuneytið hefur. Engin svör fást í ráðuneytinu. Svipað er uppi á teningnum í utanríkisráðuneytinu. Þar fást engin svör um það hvort og þá hver fjárveitingin verður. Þar hefur ekki einu sinni verið auglýst eftir umsóknum. Árið 1998 var ákveðið að Mannréttindaskrifstofan yrði rekin með árlegum framlögum af opinberu fé. Framlagið



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Aurlaus og ráðuneytin gefa engin svör.

var sex milljónir fyrsta árið og hækkaði svo jafnt og þétt og fór hæst í átta milljónir á ári. Helmingur kom fram dómsmálaráðuneytinu og helmingur frá utanríkisráðuneytinu.

Á sama tíma sóttist Mannréttindastofnun Háskóla Íslands eftir styrkjum. Samkomulag var gert milli Mannréttindaskrifstofunnar og Mannréttindastofnunar um að Mannréttindaskrifstofan færi með forystuna út á við en náði samstarfi yfir á sviði rannsókna. Aldrei barst verkefnaáætlun frá Mannréttindastofnuninni og því sagði Mannréttindaskrifstofan upp samningnum við Mannréttindastofnunina að lokum. Í vetur kom svo allt í einu í ljós að stjórnmál litu svo á að samstarfssamningurinn við Mannréttindastofnunina væri forsenda fyrir fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofunnar. Þar sem honum hafði verið sagt upp skruðuðu stjórnmál fyrir peningastreymið og gefa engin svör um framhaldið.

HVAD KOSTAR ÞAÐ?



STARTGJALD LEIGUBIFREIÐA ER AÐ MEÐALTALI 426 KRÓNUR

MIDÁÐ ER VIÐ TAXTA NOKKURRA STÖÐVA Á LANDINU. HERRA GJALD ER FYRIR STÓRA BÍLA OG SÍÐAN BÆTIST TÍMA- OG KÍLÓMETRAGJALD VIÐ.

# 24

stundir

SJÓNARHÓLL  
SELMA Í EUROVISION



BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

## Bó gefur góð ráð

Björgvini Halldórssyni söngvara list vel á að Selma Björnsdóttir fari fyrir hönd Ríkisútvarpsins í Eurovision: „Selma er atvinnumanneskja og á örugglega eftir að gera sitt besta og vera okkur öllum að gera sitt söma.“ Hann segir að ekki þurfi að hafa áhyggjur af „tónlistarlegri framkvæmd“ lagsins í höndum Selmu og föruneysis hennar. Björgvin telur þó gagnrýnivert að ekki hafi verið haldin undankeppni: „Forkeppni hefur verið mikil og góð vítamínsprautu fyrir þennan viðkvæma bransa okkar hér heima.“ Björgvin bendir á að sjálfur hafi hann verið valinn til þátttöku án undankeppni þegar Sjónvarpið leitaði til Skifunnar árið 1995. „Ég hafði samband við þrjátíu atkvæðamestu höfunda á landinu og þeir sendu inn lög. Síðan bjó ég til fókusrúpu sem skipuð var fjölmörgum fólki, útvarpsfólki og tónlistarfólki, alls um fimmtíu manns. Það gaf þessu þrjátíu lögum stig.“ Sú leið geti einnig gefið áhugaverða niðurstöðu.

# Með uppbrettar ermar og fráhneppta skyrtu

Þingmenn Frjálslynda flokksins vilja fá að klæðast alþýðlegri fatnaði í þingsal. Auk þess telja þeir enga nauðsyn á að kalla þingmenn og ráðherra háttvirta og hæstvirta.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur lagt fram þingsályktunartillögu um klæðaburð alþingismanna og ávarpsvenjur í þingsal. Frjálslyndir vilja að þingmenn megi klæðast alþýðlegri fatnaði í vinnunni og að þeim ekki verði lengur skylt að nota orðin „hæstvirtur“ og „háttvirtur“ um ráðherra og þingmenn í ræðum sínum.

Þingmenn Frjálslynda flokksins með Gunnar Örylgsson fremstan í flokki hafa borið fram tillögu til þingsályktunar um endurskoðun reglna um klæðaburð alþingismanna í þingsal og ávarpsvenjur. Samkvæmt

tillögunni er forsætisnefnd falið að gera tillögum að nýjum reglum fyrir þinglok voríð 2005.

Í greinargerð með tillögunni er markmið hennar sagt að gera þingmönnum kleift að klæðast alþýðlega í þingsal og vísað til danskra venja í þessu samhengi. Gunnar Örylgsson segir að þrenns konar rök hnigi að því að breyta þeim venjum sem nú tókist: þingmönnum muni líða betur í vinnunni, ímynd þingsins verði léttari og jafnræði verði komið á milli kynjanna í þessum málum. Í dag er körlum á þingi gert að klæðast jakka og skyrtu og nota hálstau en konur þurfa einungis að vera snyrtilegar.

„Það er ekkert verið að meina mönnum í þessari tillögu að klæðast jakkafötum, síður en svo. Ég vil hins vegar geta átt það val að fara úr jakkanum áður en ég fer í ræðustól eða þegar ég sit í þingsal, þess vegna að bretta upp ermarnar á skyrtunni, losna við bindið og hneppa efstu tölunni frá,“ segir Gunnar en það er einkum á annasömum dögum þingsins, til dæmis við fjárlagaumræðu, sem hann vildi eiga á þessu kost.

Gunnar kveðst ekki leggja síður áherslu á að ávarpsvenjur alþingismanna verði teknar til endurskoðunar en markmiðið með því er að nýta ræðutíma þeirra betur þar sem þeir er naumt skammtaður tíminn. „Mér finnst með ólíkindum hvað fer mikill tími í orðin hæstvirtur og háttvirtur, manni virðist stundum að allt að fimmta hvert orð sé annaðhvort þeirra.“ Yngri þingmenn eiga að sögn Gunnars í nokkrum vandræðum með þessa titla enda



GUNNAR ÖRYLGSSON

Svona myndi Gunnar vilja fá að vera í þingsal, með uppbrettar ermar og fráhneppta skyrtu. Félagi hans, Sigurjón Þórðarson, lætur sér hins vegar nægja að fara úr jakkanum.

er þetta ekki hluti af þeirra venjubundna tungutaki.

Áfram verður þó haldið að ávarpa forseta á þann virðulega hátt sem verið hefur þar sem hann stjórnar fundunum. „Ég hef

hins vegar enga þörf fyrir að láta kalla mig háttvirtan. Ég fór í rauninni bara hjá mér þarna fyrst þegar menn fóru að kalla mig þetta,“ segir Gunnar.

sveinng@frettabladid.is

Klæðaburður þingmanna:

## Óskráðar en fastmótaðar hefðir

„Ég lenti í talsverðu ströggli hér fyrstu 2-3 árin mín hérna inni. Ég átti eitthvað lítið af jakkafötum þannig að ég var oft í peysu með V-hálsmáli og taldi mig vera snyrtilegan til fara. Það þótti mönnum ekki nógu gott og því fékk ég stundum tital, bæði frá forseta þingsins og eldri þingmönnum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon en hann settist á þing árið 1983, þá 27 ára gamall og illa birgur af formlegum fatnaði. Í kjölfarið fóru þingmenn efri deildar

GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON  
Honum list vel á að slaka á kröfum um klæðaburð.



að kalla þá neðri peysufatadeildina.

Fyrir nokkrum misserum mætti Steingrímur svo á óvæntan útbýtingarfund í bol og leðurjakka og fór þannig upp í pontu. Þingvörður gerði athugasemd við klæðaburðinn en aðhafðist þó ekkert.

Engar skráðar reglur eru til um klæðaburð alþingismanna en hins vegar fylgja menn áralangri hefð í þessum efnum. Að sögn Guðmundar Árna Stefánssonar, fyrsta varaforseta þingsins, er ætlast til að karlmenn séu í jakka og skyrtu í þingsalnum og með annað hvort bindi eða slaufu um hálsinn. Konum er hins vegar einungis upplágt að vera snyrtilegar til fara. „Okkur körlum finnst stundum óréttlátt að konurnar geti komið í sínum peysum og

bolum eins og þeim dettur í hug,“ segir Guðmundur Árni en hann er þeirrar skoðunar að þessar hefðir séu helst til stífar. „Ég hef lengi talað fyrir því í forsætisnefnd að þessu verði breytt en fyrir daufum eyrum.“

Guðmundi Árna list sömuleiðis vel á að breyta reglum um ávarpsvenjur í ræðustól. „Mér finnst allt í lagi að ávarpa þingmenn í þriðju persónu en að staglast sífellt á orðunum hæstvirtur og háttvirtur gerir ræðurnar svoltið trúnaðar og stundum dálítið vondar. Stíllinn verður stífur og uppskrúfaður.“

- shg

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON  
Mætti í peysu með V-hálsmáli og fékk bágt fyrir.

**vikari**  
ný og fersk í hverri viku

Aðeins 599 kr.

Ástin er ljúf - Mikið efni fyrir lítinn pening

**vikari**  
Aðeins 599 kr.

Laddi og Sigríður  
**Eins og ástfangnir unglingar**

Hvernig skal skerpa ástina?  
4 þór svara því

**Snyrtiværðing þessu árs!**  
Hvað vita karlarnir um þær?

Beðmál í borginni  
Af hverju hringir hann ekki?

Megrúnarleyndarmál  
**Opruh Winfrey**

Hártiskan í vor og sumar

Kjartífi á efri árum!

Lífsreynslusagan • Heilsa • Tíða • Matur • Krossgátur

Náðu í eintak á næsta sölustað

Forstjóri Strætó reynsluekur nýjum strætisvagni af gerðinni Irisbus:

# Gaman og gott að keyra hann

Strætó hefur keypt 30 nýja strætisvagna af Irisbus gerð og fékk fyrstu fimm vagnana afhenta í gær. Ásgeir Eiríksson, forstjóri Strætó, reynsluók einum vagnanna um götur Reykjavíkur í gær og lét vel af. „Þetta er hinn mesti ljúflingur, hinn finasti bíll,“ sagði hann að akstrinum loknum.

Þetta er mesta endurnýjun strætóflotans síðan 1968 þegar hægri umferðin var innleidd á Íslandi en þá voru líka keyptir 30 nýir vagnar. „Það var af praktískum ástæðum, dyrnar voru röngu megin eftir að umferðinni var snúið við,“ rifjar Ásgeir upp.

Stykkið af nýja strætónum

kostar 19 milljónir króna og samantlagt kostar endurnýjun flotans því 570 milljónir.

Fjögur fyrirtæki tóku þátt í útbóði Strætó og hreppti B&L hnossid en fyrirtækið hefur umboð fyrir Irisbus sem varð til með sameiningu almenningsvagnaframleiðslu Renault og Iveco fyrir sex árum.

Nýju vagnarnir rúma 90 farþega og geta 34 setið. Vélin er 245 hestöfl, knúin dísilolíu og sjálfskipting er fjögurra gíra. Þeir eru gulir að lit eins og forverarnir enda gulur einkennislitur Strætó sem heldur úti 75 vögnum. Eru þeir misgamliir en þeir elstu um tvítugt.

Ásgeir forstjóri er afar ánægður með nýju vagnana fyrir hönd vagnstjóra og farþega og sér fram á bjarta tíma í almenningsgöngum á höfuðborgarsvæðinu. „Vagnstjórnarnir fá finan vinnustað og gott umhverfi og farþegar fá bjarta og huggulega vagna til að ferðast í.“

Strætó fær tíu nýja vagna afhenta í ágúst og aðra tíu í ágúst á næsta ári. Síðustu fimm vagnarnir koma svo á göturnar í ágúst árið 2007.

Næsta stóra breyting í þjónustu Strætó verður í júní þegar nýtt leiðarkerfi verður tekið í gagnid.

- bps



**BJARTIR OG HUGGULEGIR**  
Ásgeir forstjóri segir vagnstjórana fá finan vinnustað og gott umhverfi og farþega fá bjarta og huggulega vagna til að ferðast í.

**GRANDI-VOGAR**

Ásgeir Eiríksson, forstjóri Strætó, er ánægður með nýju vagnana.



**DAVÍÐ KRISTJÁN GUÐMUNDSSON**  
„Konur á Alþingi mættu alveg láta litina skína skærar, þær verða hlýlegri fyrir vikið og höfða frekar til fólks.“

Frjálslegir alþingismenn:

## Eins og nýkomnir af skólaballi

Fatakaupmenn greinir á um hversu strangar kröfur eigi að gera til alþingismanna um klæðaburð. Einum þykir gallabuxur koma til greina í þingsal, annar segir þingmönnum enga vorkunn að ganga með hálsbindi. Báðir eru þeir þó sammála um að gera eigi svipaðar kröfur til karla og kvenna sem sitja á þingi.

„Að sitja með fráhneptar skyrtur og ermarnar uppþrettar, þetta er eins og maður sé að koma af skólaballi,“ segir Sighvatur Haraldsson, verslunarstjóri Herragarðsins í Kringlunni, en sú verslun hefur selt hefðbundinn herrafatnað um árabli. „Að sjálf-sögðu eiga að vera þarna einhverjar lágmarksreglur um klæðaburð og ef menn geta ekki verið í skyrtu og með bindi þá er þetta orðið ansi slæmt,“ bætir hann við.

Davíð Kristján Guðmundsson, verslunarstjóri Retro í Kringlunni, er á öðru máli, en búðin reynir einkum að höfða til yngri kynslóðarinnar. „Ég þekki fullt af mönnum sem versla hjá mér sem gegna finum störfum sem ganga þó í flottum gallabuxum, fráhnepptri skyrtu og jakka yfir. Það er hægt að vera virðulegur án þess að vera í jakkafötum og með bindi,“ segir Davíð en undirstrikar þó að fólk eigi að vera vel klætt á þingi.

Aukið frjálsræði í klæðaburði gæti leitt persónuleika þingmanna betur í ljós að mati Davíðs, jafnvel stjórnsmálaskoðanir. „Til dæmis gætu frjálslyndir verið í gallabuxum, fráhnepptri skyrtu og jakka en sjálfstæðismenn eftir sem áður í jakkafötum og með bindi.“

Eftir síðustu kosningar settist margt ungt fólk á þing og telur Davíð að það mætti endurspeglar sinn aldurshóp betur í klæðaburði. Jakkaföt og dragtir eru ekki sá fatnaður sem yngra fólk kys sér í sínum daglegu störfum.

Davíð segir þingmenn almennt vera vel klædda en Sighvatur segir allan gang á því, án þess að vilja fara nánar út í hverjir svörtu sauðirnir séu. Þrátt fyrir álíkar áherslur eru þeir Davíð og Sighvatur þó sammála um að sömu reglur eigi að gilda fyrir bæði kynin.

- shg

# 10-50% afsláttur


# ÚTSALA!

Vegna flutnings

verður lækkað verð á vörum

og sýningartækjum í ELECTRIC raftækjaverslun,

Laugavegi 172, dagana 10.-18. febrúar.




General Electric

Baumatic®

la GERMANIA®

KENWOOD

OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA FRÁ KL. 10-18. LAUGARDAGA FRÁ KL. 11-14.



HEKLA® RAFTÆKJAVERSLUN

HEKLUHÚSINU • LAUGAVEGI 172 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 5090

# Dröggum um milliúnir



**Þú  
getur verið  
með**

**ÞÚ** átt góða möguleika á að komast í hóp milljóna-  
mæringa. Í nýliðnum janúar hringdum við t.d. í  
12 miðaeigendur hjá Hapdrætti Háskólans og  
tilkynntum þeim um vinning upp á eina milljón  
króna eða meira. Kona í Vestmannaeyjum hreppti hæsta  
vinning mánaðarins, 4,1 milljón króna, en alls runnu um 55  
milljónir króna til miðaeigenda í janúar.

Í dag verður dregið hjá Hapdrætti Háskólans og kannski hringjum  
við í þig með fréttir af milljónavinningi.

Tryggðu þér miða á [www.hhi.is](http://www.hhi.is) eða í síma 800 6611.







# FEBRÚAR TILBOÐ

Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI



SKIPT\_ um væntingar



TAKMARKAÐ MAGN  
AÐEINS 10 BÍLAR

## NISSAN PRIMERA

Í samræmi við glæsilega hönnun á Nissan Primera, er bíllinn hlaðinn búnaði. Sem dæmi þá er þetta eini fólksbíllinn á markaðnum sem hefur innbyggða bakkmyndavél og skjá sem tryggir að ekkert fari úrskeiðis.

### Primera 1,8i

- Sjálfskiptur
- 116 hestöfl
- 5 dyra
- Loftkæling
- Aksturstölva
- Regnskynjari í framrúðu
- Bakkmyndavél
- o.fl.

Listaverð: 2.445.000 kr.

Tilboðsverð: 1.990.000 kr.

Afsláttur: 455.000 kr.

24.004 kr. á mán.\*



TAKMARKAÐ MAGN  
AÐEINS 10 BÍLAR

## NISSAN ALMERA

Kraftur og mykt einkennir Nissan Almera. Stjórnstöðin styðst við hina einstöku Nissan tækni til að tryggja auðveldu og eðlilega stjórn. Hönnuðir okkar hafa mótað útlit bílsins til að ná fram straumlínulaga lögun og umgjörðin er dregin fram með kröftugum fram- og afturljósunum.

### Almera 1,8i

- Sjálfskiptur
- Aksturstölva
- Tölvustýrð miðstöð
- 116 hestöfl
- 4 dyra

Listaverð: 1.940.000 kr.

Tilboðsverð: 1.749.000 kr.

Afsláttur: 191.000 kr.

21.133 kr. á mán.\*

[www.nissan.is](http://www.nissan.is)

Nánari upplýsingar um Nissan bílafloðann hjá Ingvari Helgasyni færðu á [www.nissan.is](http://www.nissan.is)



\*Bílalán VÍS með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

Hrísmýri 2a  
800 Selfossi  
482-3100

Eyralandi 1  
530 Hvammstanga  
451-2230

Sæmundargötu 3  
550 Sauðárkróki  
453-5141

Holtsgötu 52  
260 Njarðvík  
421-8808

Dalbraut 2b  
300 Akranesi  
431-1376

Víkurbraut 4  
780 Höfn í Hornafirði  
478-1990

Búðareyri 33  
730 Reyðarfjörður  
474-1453

Sindragötu 3  
400 Ísafjörður  
456-4540

Óseyri 5  
603 Akureyri  
461-2960





Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag	
REYKJAVÍK	9.39	13.42	17.46
AKUREYRI	9.33	13.27	17.21

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er fimmtudagur 10. febrúar, 41. dagur ársins 2005.

### KRÍLIN

Afi, af hverju seturðu númer á kindurnar en nöfn á hundana?



**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 8**

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki XX stk.**

**Keypt & selt XX stk.**

**Þjónusta XX stk.**

**Heilsa XX stk.**

**Skólar & námskeið XX stk.**

**Heimilið XX stk.**

**Tómstundir & ferðir XX stk.**

**Húsnæði XX stk.**

**Atvinna XX stk.**

**Tilkynningar XX stk.**

**Pú getur pantað smáauglýsingar á [www.visir.is](http://www.visir.is)**



# allt

FASTEIGNIR **HEIMILI** HEILSA HÚS NÁM **FERÐIR** MATUR BÍLAR ATVINNA **TÍSKA** TILBOÐ o.fl.

**tíska o.fl.**

Hettupeysur úti um allt

BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



RAUÐA HETTUPEYSAN ÚR HAGKAUP OG GALLABUXURNAR ÚR VERO MODA ERU ÓMISSANDI FYRIR JÓHÖNNU.

## Vill finna sig í fötunum

**Jóhanna Vigfúsdóttir, dagskrárgerðarkona í morgunþættinum Zúuber á FM 95,7, finnst gaman að fötum en uppáhaldið í fataskápnum hennar er það sem henni líður best í.**

„Ég valdi bara það sem ég er alltaf í og mér finnst þægilegast. Það er rauð hettupeysa sem ég fékk í Hagkaup á útsölu á þúsund krónur. Þetta er flík sem ég datt á og ég fer helst ekki úr henni. Hún er frekar þröng og ég er búin að eiga hana í um það bil ár. Síðan á ég líka gallabuxur úr Vero Moda sem ég er búin að eiga í nokkra mánuði og ég er eiginlega alltaf í. Ég tek alltaf ástfóstri við einhverja flík og geng eiginlega í henni þangað til það koma göt þó ég kaupir mér fullt annað nýtt með henni,“ segir Jóhanna en segist vera tiskudrós í hjarta þó hún viðurkenna það kannski ekki. „Ég vil helst ekki fara á djammíð nema ég sé í nýjum

djammíð eða einhverju nýju. Þá líður mér miklu betur í hjartanu því þá finnst mér ég vera algjör skvísá. Ég er því ekki algjör haugur. Eða ég vona ekki,“ segir Jóhanna og skellihlær.

Jóhanna fylgir ekki merkjatísku eða því sem er flott hverju sinni. „Ég vel bara það sem mér finnst flott og ég vil finna mig í fötunum. En ég er rosaleg „klippingarmanneskja“. Ég fer í klippingu einu sinni í mánuði og geng aldrei út með sömu klippingu og þegar ég fór inn. Ég hef verið með sömu hárgreiðslukonu í tvö ár og ég er algjört tilraunadýr hjá henni. Hún mótir alls kyns skúlpútra í hárið á mér.“ ■

## Sniðug dagatöl

Í Tiger má finna góða hluti á vægu verði.

Í versluninni Tiger er svo sannarlega hægt að fylgjast með því hvað tímanum líður. Þar fást dagatöl fyrir árið 2005 með alls kyns myndum. Hægt er að fjárfesta í dagatali með teiknimyndafígúrum, dýramyndum, gamaldags amerískum auglýsingum og James Bond plakötum svo eitthvað sé nefnt.

Sniðugt er að taka myndirnar úr dagatölunum og setja þær í ramma. Þá er þetta hið fínasta stofustáss – og kostar aðeins tvö hundruð krónur stykkið. ■



Hægt er að kaupa frá Bandaríkjunum dagatöl með gömlum auglýsingum sem eru bæði flottar og myndnar.

## LIGGUR Í LOFTINU

*í ferðum*

**Kynningarfundur** göngu-klúbbsins Göngu-Hrólfss verður haldinn í Ráðhúsinu sunnudaginn 13. febrúar frá klukkan 14 til 17. Þar verða kynntar spennandi og fjölbreyttar göngufærðir til ólíkra áfangastaða eins og Slóvakíu, Ítalíu, Mallorca og Krítar. Markmið gönguklúbbsins er að koma til móts við þá sem vilja taka þátt í skipulögðum gönguförum erlendis. Nú þegar hafa um tvö þúsund göngugarpar skráð sig í klúbbsinn en hátt á þriðja hundruð gengu með klúbbsnum erlendis í fyrra.

**Gistinóttum á hótélum** í desember fjölgaði um tæp átta prósent á milli ára samkvæmt tölum Hagstofunnar. Gistinætur í desember á síðasta ári voru 37.390 en voru 34.720 árið áður sem er nákvæmlega 7,7 prósent. Á Suðurlandi fjölgaði gistinóttum um rúmlega 1.000 en þær voru 2.360 í desember síðastliðnum en í sama mánuði 2003 voru þær 1.310. Á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfirðum fóru gistinæturnar úr 2.190 í 3.030 sem er aukning um rúm 38 prósent. Á Austurlandi fjölgaði gistinóttum um tvö hundruð. Á Norðurlandi

fjölgaði gistinóttum um sextán prósent.

**Ferðaskrifstofan ÍT ferðir** hafa fengið takmarkað magn af miðum á tónleika hljómsveitarinnar U2 til sölu. Tónleikarnir verða í Twickenham við London 18. og 19. júní. Verð á tónleikana á laugardag er 29.900 krónur plús flugið. Verðið á sunnudeginum er 27.900 krónur plús flugið. Inni-falið er gisting á góðu þriggja til fjögurra stjörnu hóteli í London í tvær nætur og miði á góðum stað. Nánari upplýsingar á [itferdir.is](http://itferdir.is).

**Farþegum** um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp sextán prósent í janúar miðað við sama tíma í fyrra. Fór fjöldi farþega úr tæplega 74 þúsundum árið 2004 í tæpa 86 þúsund farþega nú eins og fram kemur á vefsíðu flugstöðvarinnar. Fjölgun farþega til og frá Íslandi nemur tæpum fjórtán prósentum á milli ára og farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fjölgar um tæp 24 prósent. Farþega fjöldi í janúarmánuði hefur ekki verið svo mikill síðan mælingar hófust.



[ferdir@frettabladid.is](mailto:ferdir@frettabladid.is)

**LEÐURSÓFI**  
Bycast leður



2ja sæta kr. 89.900.- stgr  
3ja sæta kr. 105.900.- stgr  
Stóll kr. 69.800.- stgr

**LEÐURSÓFAR**  
**LEÐURPULLUR**

LEÐURPULLUR



frábært  
úrval,  
gott verð

**LÍNAN**

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • [www.linan.is](http://www.linan.is)

-margar gerðir  
og stærðir  
verð frá  
kr. 24.500.- stgr

Munstur

William Morris var listamaður og mikill hönnuður sem lést árið 1896. Eftir hann liggur fjöldinn allur af einstökum munstrum sem notuð eru í veggfóður, teppi o.fl. Sýnishorn af því sem hann hefur gert er hægt að sjá á vefsíðunni lbwf.gov.uk/wmg/free.htm.



# NÝJAR VÖRUR

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

**DUKA**

Kringlunni - sími : 533 1322

# Gullfallegir hlutir til heimilisins

Ingibjörg Klemensdóttir leirlistakona hefur nú þegar skapað sér nafn í listaheiminum. Hún opnar nýtt gallerí ásamt vinkonum sínum á morgun. Þar eru á boðstólum fallegir listmunir til heimilisins, ásamt blómum og gjafavörum.



Inga á vinnustofu sinni í Kópavogi.

Ingibjörg Klemensdóttir leirlistakona, kölluð Inga K, hefur nú þegar skapað sér nafn í listaheiminum, og munir hennar hafa verið til sölu í Gallerí Fold, Gallerí List og Gallerí Reykjavík. Inga hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið tvær einkasýningar og listaverkin hennar eru sannarlega prýði á hverju heimili. Inga var í öðrum á vinnustofu sinni þegar Fréttablaðið tók hús á henni í vikunni.

„Ég fór frekar seint af stað í nám,“ segir Inga. „Draumurinn blundaði í mér frá því ég var smástelpa, en örlögin höguðu því þannig að ég fór að vinna sem setjari á Morgunblaðinu og flentist þar í mörg ár. Ég var orðin 36 ára og með þrjú börn þegar ég ákvað loksins að láta drauminn rætast og dreif mig í nám.“

Inga sér ekki eftir því og hefur notið hvernar mínútu frá því hún útskrifaðist úr keramikdeild Listaháskólans. „Ég opnaði vinnustofu hér í bílskúrnun meðan ég var í námi, en hér hefur aldrei komið bíll inn fyrir dyr,“ segir hún hlæjandi.

Íslensk náttúra er Ingu afar hugleikin, ekki síst jöklarnir og bláminn, sem hún segir að eigi sér enga hliðstæðu. „Það er hvergi annars staðar þessi sérstaki blái litur,“ segir Inga sem hefur meðal annars hannað sérstaka línu í bláu litnum.

Hún vinnur líka í postulín og á vinnustofunni getur að líta gullfallega lampa, kertastjaka, skálar og vasa úr postulíni. Þá hefur

Inga gert fjölda veggmynda úr leir og segist nú dunda sér örlítið í glerinu sér til skemmtunar. „Þetta er bara svona auka,“ segir hún og sýnir blaðamanni ægifagra matardiska, servíettuhringi og skálar.

Nú er Inga á leið í samstarf við aðra Ingu, Ingu Mariu Sverrisdóttur listakonu, en þær stöllur unnu einmitt saman á Morgunblaðinu fyrir margt löngu. Inga María er nýkomin heim úr listnámi í Englandi og er með vinnustofu í verslun sinni Holtablómum á Langholti. Nú ætla þær að sameina krafta sína og vera með gallerí á Langholti. Inga María er nýkomin heim úr listnámi í Englandi og er með vinnustofu í verslun sinni Holtablómum á Langholti. Nú ætla þær að sameina krafta sína og vera með gallerí á Langholti. Inga María er nýkomin heim úr listnámi í Englandi og er með vinnustofu í verslun sinni Holtablómum á Langholti. Nú ætla þær að sameina krafta sína og vera með gallerí á Langholti.



Postulínlamparnir eru afar fallegir og fást bæði sem lampar og loftljós.



Súpu- og pastaskálarnar á veitingastaðnum Ítalíu eru eftir Ingu.



Veggmyndir eftir Ingu.



Inga gerir matarstell úr gleri, servíettuhringi, kertastjaka og skálar, og allt í stíl.

Mikið úrval af viðarörnum og eldstæðum

Maricel 181.000 kr. Barbara 90 294.900 kr.

**Arinbúðin**  
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)  
Sími 567 2133 - www.arinn.is

Blóm, skreytingar, íslenskir listmunir m.a. málverk, leirmunir, gler, skúlptúrar

**HOLTABLÓMIÐ**  
104 LISTGALLERÍ  
LANGHOLTSVEGI 126 - SÍMI 553 6711

Ný sending af rúmfatnaði

**TILBOÐ Á RÚMFATNAÐI**

Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Sérverslun með kvensilfur

Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

## Undirvinnan mikilvægust

Málning á að hafa svipað hitastig og flöturinn sem hún fer á.

- Ef meiningin er að sleppa vorhreingerningunni í ár og mála í staðinn er gott að hafa eftirfarandi í huga:
- Byrjið á að lesa vel á miðann á dósinni. Breiðið vel yfir og verjið það sem ekki má koma málning á
- Hafið raka- og hitastig rétt stillt innanhúss, svo hægja megi á þornun við málu.
- Þegar málaraþeip er notað, skal það fjarlægð strax áður en það festir.
- Alltaf skal byrja efst þegar málað er.
- Notið vönduð verkfæri og hafið viðeigandi þynningar- og hreinsiefni við hendina þegar málað er. Lakkid ekki seinnipart dags, þar sem náttfall og dökk geta mattað eða upplitað. Til að bera málninguna jafnt á er gott að bera fyrst þversum og jafna síðan langsum. Aldrei á að spara efni, en berið ekki svo mikið á að það myndist dropaáferð eða leki.
- Munið að góð málningarvinna byggir á undirvinnunni.



## Skrúfur í öllum heimsins litum

LAKKAÐAR, GALVANISERAÐAR OG RYÐFRÍAR

Ísval ehf. býður upp á skrúfur, nagla, hnoð og saum af ýmsum gerðum frá sænska fyrirtækinu Unite ab. Flestar vörurnar eru fánlegar ýmist lakkaðar eða ólakkaðar, galvaniseraðar og ryðfríar. Litauval er nánast ótakmarkað og hægt að sérpanta hvaða liti sem er. Fyrirtækið býður líka upp á standardliti. Ýmsir fylgihlutir eru í boði sem tengjast þakfestingum og frágangi, til dæmis þéttihulstur fyrir rör og strokka sem ganga í gegnum þakplötur.



# Örkin hans Nóa flytur suður

Í húsgagnaversluninni Mubla fást húsgögn frá Danmörku, Ítalíu, Þýskalandi og Hollandi.

Í nóvember opnaði á Nýbýlaveginum í Kópavogi húsgagnaverslun sem ber nafnið Mubla. Eigendur verslunarinnar eru þó engir nýgræðingar í bransanum heldur hafa þeir selt gæðahúsgögn í yfir tuttugu ár í höfuðstað Norðurlands.

Mubla er fyrsta verslun þeirra hér í borg en það var á Akureyri sem ævintýrið byrjaði fyrir mörgum mörgum árum í Örkinni hans Nóa.

Örkin hans Nóa var stofnuð af foreldrum eins eigandans, en faðirinn, Nói sjálfur, er feykilega flinkur húsgagnasmíður og listamaður og byrjaði að selja eigin húsgögn í bland við innflutt.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og nú hefur Örkin fært út kvíarnar og siglt suður undir flaggi Mublu.

Viðskiptin í Mublu hafa farið vel af stað og það er greinilegt að húsgögnin sem þar er boðið upp á falla hér í góðan jarðveg.

Dönsk húsgögn frá fyrirtækinu Lind eru áberandi í versluninni en einnig býður Mubla upp á vörur frá Ítalíu, Þýskalandi og Hollandi.

Í bland við flott hönnuð húsgögnin má svo sjá girnilega gjafavöru, lampa, skálar, vínglós og karöflur.

Um þessar mundir eru vetrartilboð í gangi hjá Mublu. ■



Brúnt leðursófasett, 3ja sæta 229.000, 2ja sæta kr. 189.000, stóll kr 109.000



Skenkur kr. 99.800



Sófaborð kr. 99.800



Beige-hægindastóll kr. 179.800



Svartur leðursófi kr. 109.800



Rauður lampi kr. 49.900

## Innbrotafaraldur

Stór hluti innbrota Myndavélar, fartölvur, Shér á landi eru farsímar, skartgripir, framín í skyndingu af lausafé og fleira í þeim ógæfumönnum sem dír. Smár en verðmætr grípa verðmæti sem hlutir sem auðvelt er að leggja á glámbekk. koma í verð.

# LÆSTU að þér



Verð: 64.700,-

Stærð: D.51cm x B.51cm x H.51cm



Verð: 56.000,-

Stærð: D.44cm x B.47cm x H.51cm



Verð: 92.800,-

Stærð: D.50cm x B.50cm x H.76cm

Öryggisskápur getur á einfaldan og ódýran hátt komið í veg fyrir að verðmæti glatist. Neyðarþjónustan býður úrval öryggisskápa fyrir heimili, stofnanir og fyrirtæki

### Láttu ekki ræna þig

Komdu í verslun okkar að Laugavegi 168 eða hringdu í síma 562 5213 og kynntu þér málið

**NEYÐARÞJÓNUSTAN**  
VERSLUN OG VERKSTÆÐI  
LAUGAVEGI 168 • 105 REYKJAVÍK  
SÍMAR: 562 5213 / 562 4240  
LYKLASMIÐI OG LÁSAVIÐGERÐIR  
www.las.is

## birta SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

## Má bjóða meira te?

TEBOÐ ERU AÐ RYÐJA SÉR TIL RÚMS UM HINN SIÐMENNTAÐA HEIM.

Ömmuleg skemmtun er aftur komin í tísku og stjörnumar í Hollywood keppast við að bjóða hver annari í siðmenntuð síðdegisteboð. Hægt er að halda teboð með ýmsu móti.

**Andlegt:** Fáid spákonu eða nuddara í heimsókn. Fyllið húsið af reykelisilmi og drekkið myntute.



**Þjóðlegt:** Drekkið Melrose-te í glösum við eldhúsborð og bjóðið upp á mjólkurkex til að dýfa. Spilið Hornafjarðarmanna við undirleik Harmonikkufélagsins. **Enskt:** Bjóðið upp á dauft kinnverskt te í þunnum bollum og gúrkusamlokur án skorpu. Slúðrið á fágáðan hátt um fræga og fina fólkið.

## Listmálaravörur



**JARN & GLER**  
Járn og gler hf. Skútvogur 1H  
Barkarvogsmegin. S: 5858900  
**Listalagerinn**

**KOKOS-SISAL TEPPI**

Falleg - sterk - náttúruleg  
Verð frá kr. 2.840,- pr. m<sup>2</sup>

Suðurlandsbraut 10  
Sími 533 5800  
www.sinnet.is/strond

**Keramik fyrir alla**

**Skólafrí**

**Krakkar!**  
Notið tækifærið og málið keramik.  
**10% afsláttur af öllu í dag og á morgun.**

Keramik fyrir alla,  
sími 552 2882, Laugavegi 48b.  
Sjá lýsingu: [www.keramik.is](http://www.keramik.is)

# Dömur!

## Förðun við öll tækifæri



Persónuleg klukkustunda námskeið fyrir einstaklinga og ýmis námskeið fyrir hópa.

Komdu til okkar í eitt glæsilegasta förðunarstúdíó landsins. Láttu dekra við þig!

**MADINA**  
MILANO / REYKJAVÍK  
FÖRÐUNARSTÚDÍÓ TRYGGVAGÖTU 11, 101 REYKJAVÍK SÍM 534 4100

**Demantar**

Demantar eru alltaf í tisku og því er nauðsynlegt að vanda valið og gefa sér góðan tíma þegar þeir eru keyptir, enda eiga þeir að vera framtíðareign. Algengastir eru þeir í hringum og þá oft trúlofunar- eða giftingarhringum. Það er auðveldlega hægt að eyða aleigunni í demantshring, því skaltu ákveða hve miklu þú ert tilbúin(n) til að eyða áður en þú ferð og skoðar hringa.




**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU**

*Erum að taka upp nýjar vörur*

**SKARTHÚSIÐ**  
Laugavegi 12, s. 562 2466



**ICELAND GIFTSTORE**  
RAMMAGERÐIN

Hafnarstræti 19  
S: 551 1122

íslensk hönnun

síðustu dagar!

**50% afsláttur** af umgjörðum

Laugavegi 62 sími 511 6699 | Glæsibæ sími 511 6698 | Garðatorgi sími 511 6696 | www.sjon.is sjon@sjon.is

**Náttfatadagar í febrúar**

Rómantísk, notaleg ítölsk náttföt og náttkjólar á tilboði

Skoðið nýju vefsíðuna okkar [www.diza.is](http://www.diza.is)

**Diza** Ingólfsstræti 6  
S. 561-4000 • Opið 11-18, laugard. 11-14

**Lagersala SÍÐUSTU DAGAR**

*Caedrin*  
tískuverslun  
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

**NÝJAR VÖRUR**

Strech gallabuxur og jakkar í stíl.  
Ermalangir bolir m/kraga, margir litir.  
Stærðir L-XXXXL. Svartar buxur komnar.

TÍSKUVERSLUNIN  
Smort Ármúla 15 - S. 588 8050



Loðvestið hennar Nönnu Kristínar er bæði hlýtt og mjúkt.

**Skemmtilegasta flíkin í fataskápnum**

Nanna Kristín Jóhannsdóttir heldur upp á loðvestið sitt.

Í snjónum og skammdegini finnst Nönnu Kristínu Jóhannsdóttur skemmtilegast að klæða sig í turkisbláa loðvestið sitt sem er hlýtt og mjúkt og lífgar upp á tilveruna.

„Vestið fékk ég í Oasis rétt fyrir jól og þetta er ein skemmtilegasta flíkin mín í fataskápnum núna.“

Ásamt því er gallajakinn í miklu upphaldi. „Ég hef notað hann endalaust síðan ég keypti hann í Gallerí 17 fyrir rúmum þremur árum og hann er eflaust mest notaða flíkin sem ég á fyrir utan auðvitað Diesel-galla-buxurnar.“

Nanna Kristín Jóhannsdóttir

er ein af Idol-stjórnunum okkar í ár en öllum að övörum féll hún úr keppninni í Smáralind fyrir nokkrum vikum.

Þessi unga efnilega söngkona lætur þó mótlætið þó ekki stoppa sig og vonast til að geta spreytt sig meira á söngnum, en hún hefur lært klassískan söng í nokkur ár og er komin á sjöunda stig.

Nanna hefur verið í pásu frá söngnáminu um nokkra hríð á meðan hún sinnir námi í hjúkrunarfræði og litlu fjölskyldunni sinni.

Söngurinn er þó aldrei langt undan hjá Nönnu og vonandi reisir hún röddina fljótlega aftur fyrir alþjóð. ■

**Spunky stuttermabolir**

Spunky-merkið hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum.

Spunky er eitt elskaðasta stuttermabolamerki á netinu í dag. Það tilheyrir merkinu SP:UK sem virkar svipað og plötuútgáfufyrirtæki sem tekur inn listaverk frá óháðum hönnuðum og kemur þeim á framfæri.

Fyrirtækið var stofnað árið 1997 af ónefndum aðilum sem sáu alltof mikið af góðum listamönnum sem fengu enga viðurkenningu í listaheiminum. Þeir byrjuðu á að hanna stuttermaboli en verslunin hefur verið á netinu síðan árið 1998.

Verslunin er nú með höfuðstöðvar í Brixton í Englandi og lætur ekki stuttermaboli duga. Þeir gefa út lífsstílstímariði Three og eru nú hannaðar aðra tiskuvörur eins og belti og gallabuxur. Listamennirnir sem hanna fá borgað fyrir hverja hönnun og fá í þökkabót Spunky bol og fría umfjöllun á vefsíðunni [spunky.co.uk](http://spunky.co.uk).

Á síðasta ári opnaði merkið



Gott dæmi um Spunky hönnun sem er ekki ólík hinni íslensku Dead-hönnun.

sína fyrstu búð í Kinly Court í London og er merkið svo sannarlega komið til að vera. ■

trend }

**Hettupeysur úti um allt**

HETTUPEYSA ER ÞÆGILEG FLÍK SEM MÁ NOTA VIÐ MÖRG TÆKIFÆRI.

Eitt af mjög áberandi tiskutrendum í búðunum um þessar mundir eru hettupeysur. Hettupeysa er hreinlega „ómissandi“ flík þennan veturinn, hún er þægileg, flott og er frábær flík til daglegra nota, í skólann, vinnuna (þar sem það á við) og ekki síst heima við í rólegheitunum. Það lítur út fyrir að hettupeysur séu fánlegar í hverri einustu búð í bænum, heilar eða renndar, síðar og stuttar og í öllum regnbogans litum. Það er líka gaman að sjá að þær eru farnar að taka á sig nýstárlegar myndir, þrjónaðar hettupeysur eru til dæmis til í Vera Moda sem og teinóttar í töffaralegum stíl.

Nú er mál að drífa sig í bæinn, vera maður með mönnum og ná sér í eina flotta hettupeysu.

**Dömuhettupeysur:**



Græn þrjónuð kr. 1990 VERO MODA




Teinótt dökkblá kr. 5990 VERO MODA



Ljósgræn velúrpeysa kr. 2990 VERO MODA



Svört og bleik kr. 2990 TOPSHOP



Brún rennd peysa kr. 3690 TOPSHOP



Rauð gsus peysa kr. 8990 RETRO

**Herrahettupeysur:**



Græn peysa Kr. 4990 TOPSHOP



Rauð Hummel peysa kr. 13990 RETRO

# Lopez lætur bíða eftir sér

Jennifer Lopez, eða J-Lo, frumsýnir fatalínu.

Söngkonan Jennifer Lopez er ekki kölluð díva fyrir ekki neitt. Hún mun frumsýna nýju fatalínuna sína, Sweetface, á síðustu sýningunni í tískuvíkunni í New York föstudaginn 11. febrúar. Enn fremur verður sýningin tekin upp fyrir sjónvarpsstöðina MTV og verður sá þáttur sýndur 24. febrúar. Þátturinn mun einblína á hönnunarferil hennar sem hófst árið 2001.



Jennifer Lopez er ekki bara söngkona heldur líka fatahönnuður.

„Ég held að þetta verði endurfæðing fyrir mig – rosalega stórt skref. Ég hef haft gríðarlegan áhuga á tísku svo lengi,“ segir Jennifer Lopez í samtali við fréttastofu CNN en öll veröldin bíður spennu eftir nýju fatalínunni. ■



## Úr háborg tískunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Ísland í tísku í Frakklandi

Ísland hefur verið í tísku í Frakklandi í mörg ár en aldrei sem nú. Varla líður sá mánuður að ekki sé grein eða umfjöllun um Ísland í einhverjum fjölmiðli. Ég man að Íslendingshjartað sló hraðar þegar Dancer in the dark kom í bíó í París og borgin var þakin stórum veggspjöldum af Björk og líka er hún tók við gullpálmanum í Cannes í beinni. Nú er ný stjarna að breiða úr sér hér í landi, Emilíana Torrini. Hún er þegar í nokkrum blöðum og ég hef grun um að þetta sé aðeins byrjunin. Dómarnir um nýju plötuna eru frábærir, ég keypti hana, hrein perla! Emilíönu er líkt við hina og þessa, það síðasta sem ég hef heyrt er Carla Bruni (fyrrum toppmódel sem snéri sér að hefðbundinni franskri tónlist eftir að hún hætti á sýningarpöllum, enda dóttir tónlistarmanna). Í Openmag sem er lítið tónlistartímarit þar sem Emilíana er á forsiðu, segir að á Íslandi sé enginn endir á framboði af frumlegum tónlistarmönnum eins og Björk, Sigur Rós og Mum þrátt fyrir að þar sé engin eldisstöð! Frakkar eru líka ægilega hrifnir af Kylie Minogue enda er

hún með annan fótinn hér og er með franska leikaranum Vincent Martinez og ekki spillir fyrir Emilíönu að hafa samið Slow fyrir Kylie sem er útnefnt til Grammy-verðlauna sem besta danslag 2004. Þessa dagana eru gangar metróstöðvanna í París veggfóðraðar með risaauglýsingum frá Ícelandair með fjögurra náttu tilboði til Íslands fyrir 479 evrur með hóteli og morgunmat (sama og ég borgaði fyrir flugið eitt og sér um jólin til að koma heim!). Svona auglýsingar sjá um við hér í París ár hvert snemma á vorin og haustin þegar færri eru á ferðinni. Á laugardag kom svo Mýrin eftir Arnald Indriðason út á frönsku, La cité des Jarres, eins og hún heitir. Mýrina verður örugglega hægt að kaupa í risaverslunum Fnac, sem eru eins og Virgin megastore út um allan heim, þar sem að maður sér staflana af nýju plötu Emilíönu Torrini þegar komið er í tónlistardeildina. Hjá Fnac keypti ég einmitt á sínum tíma Tímabjófinn og Engla alheimsins þegar þessar bækur komu út á frönsku. Erum við ekki menningarheimsveldi?



Næturkremi kosta 5.850 kr. og dagkremi kosta 5.220 kr.



### Ferskt útlit í febrúar

Þegar kuldinn bitur þarf að hugsa vel um húðina.

Kuldinn og snjórinn hefur ekki farið framhjá neinum á þessu ári og oft koma þessi kuldatímabil aftan að manni þó ótrúlegt sé. Það þarf að hugsa vel um sig á þessum árstíma, bæði líkamlega og sálarlega, og góð krem eru nauðsynleg því húðin verður þurr og oft frekar litlaus.

Clarins-kremi eru flestum kunn og vetrarlínan er tilvalin fyrir okkur Íslendinga yfir vetrarmánuðina. „Multi Active Cream“ er ætlað fyrir fremur þreytta húð í þurrari kantinum en „Multi Active Lotion“ kremi eru hins vegar léttari og eru fyrir húð í þökkalegu jafnvægi. Það er mikilvægt að nota bæði dag- og næturkrem svo húðin nær-ist sem best.

Svo er ekki vitlaust að splæsa á sig einu andlitsbaði nú í febrúar, það er góð afslöppun að leggjast í stólinn og láta skrúbbba, nudda og maska á sér andlitið í klukkutíma, afskaplega streitu-losandi, gott fyrir sálina og útlitið. ■

## Meistari með liti

Matthew Williamson er einn þeirra hönnuða sem tískuheimurinn fylgist grannt með.

Tískuvikurnar sem kynna okkur tískustrauma næsta vetrar eru nú í algleyming. New York tískuvíkunni lýkur um helgina og London fylgir í kjölfarið en tískuvikan þar stendur 13.-17. febrúar. París rekur svo lestina frá 28. febrúar til 8. mars (Ready to wear). Það er alltaf spennandi að fylgjast með hvað verður ómissandi næsta vetur en eitt af því sem tískuelítan er kannski hvað spennust fyrir er vetrarlínan frá hinum hæfileikaríka Matthew Williamson sem að þessu sinni sýnir í New York eins og hann hefur gert undanfarin þrjú ár. Síðar í mánuðinum tekur Williamson svo á móti hinum mik-



Matthew Williamson tekur við Moët and Chandon síðar í þessum mánuði.

ilsvirtu heiðursverðlaunum Moët and Chandon (Kampavínsframleiðandinn) fyrir frábæran feril í tískuheiminum síðastliðin átta ár.

Matthew Williamson er 33 ára. Hann útskrifaðist frá Central Saint Martins skólanum í London (þar sem flestar stórstjórnur í tísku-branchanum hafa lært) og er nú kominn í fremstu röð tískuhönnuða í heiminum. Hann er meistari með liti og litasamsetningar og stjórnur hvíta tjaldsins og músíkheimsins dýrka hann og bíða nú með mikilli eftirvæntingu eftir nýjustu trendunum sem hann ber á borð í byrjun næsta mánaðar. ■

**birta**  
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

## Frá Dr. Gillian McKeith Living Food Energy duft

fyrir súper heilsu



Living Food Energy duftið frá dr. Gillian McKeith hefur verið selt hérlandis frá því í mars 2004 og hefur varan náð gríðarlegum vinsældum.

Það er mjög ensimrikt, pakkað af næringarefnum sem frásogast vel þar sem það er í duftformi. Í tsk á dag fyrir morgunmat fyrir þá sem vilja bæta orkuúthaldið. Þeir sem eru mjög orkulausir og þjást af einhverjum kvilla þurfa oft stærri skammta fyrst, t.d. 2 tsk. 2svar á dag fyrir máltíð.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

## Útsölulok

50%  
afsláttur  
af allri útsöluvöru



Glerártorgi • Sími 461 4906

## belladonna

Hlíðarsmára 11 • 201 Kópavogur • sími 517 6460 • www.belladonna.is

RÉTTU STÆRÐIRNAR



Full búð  
af nýjum  
vörum

Opið

mán – fös 11-18

Lau 12-16

## Kuldaskór




Verð 1.990.-

Litir drapp og svart  
Stærðir 37 til 41




Laugavegi 100, S. 561 9444

**Sundbolir 30%**  
**Peysur 30%**  
**Silki náttkjólar 50%**  
**Innigallar 30%**



Laugavegi 32 • Sími 551 6477



**Nýr Argos extra**

**Pantid núna!**  
 Mikið lægra margfeldi +  
 lækkun á 2000 vöruflokkum!

**B. Magnússon/ Kays**  
 Austurhrauni 3, Gbæ. s: 555-2866  
 www.bmagnusson.is  
 Opid frá 10-18 og lau 11-14

Stærri listi  
 Yfir 13000  
 vöruflokkar

**Öll útsöluvara á 70%  
 næstu 5 daga**

**CHANGE**  
 SMÁRALIND  
 Sími 517 7007



KOMDU ÁSTINNI PINNI Á ÓVART Á  
**VALENTÍNUSARDAGINN**  
 MEÐ GJAFABREFI FRÁ OKKUR

**salon rita**  
 LAUGAVEGI 32 • SÍMI 551 6477



**TILBOÐ Á LOPA**

**Handprjónasamband Íslands**  
 Skólavörðustíg 19  
 Sími : 552 1890  
 www.handknit.is

**FLIGHT OF THE PHOENIX**

SENDU SMS SKEYTIÐ JA FPF  
 Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU MIÐAR FYRIR 2 Á FLIGHT OF THE PHOENIX, GLÆSILEGUR VARNINGUR  
 TENGUR MYNDINI, DVD MYNDIR, MARGT FLÉIRA!



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið



## Litríkt, fríkað og fágað

Tískuvikan í New York er ein sú stærsta í heiminum.

Haustið er svo sannarlega komið enda stendur ein stærsta tískusýning fyrir haust- og vetrarlínuna 2005 og 2006 yfir þessa dagana. Tískuvika í New York hófst föstudaginn 4. febrúar og lýkur á morgun.

Þessi tískuvika staðfestir að haustið og veturinn verður litríkur en auðvitað verða jarðlitirnir líka á sínum stað eins og ávallt. Hönnun er líka jafn glæsileg og hún er fríkuð. Eitt er víst að það er allt sem gengur næsta haust og vetur. Því er um að gera að skoða myndir frá tískusýningunni, grafa djúpt ofan í fataskápinn og finna flikur sem geta svo sannarlega gengið aftur. ■

Isaac Mizrahi sýnir hér afskaplega fallegan og kvenlegan kjól.



FRÉTTA.LADID/AP

Töff og nútímalegt frá Baby Phat.



Aftur til fortiðar frá Marc Jacobs. Það leynast örugglega margar svona „hallærislegar“ úlpur í fataskápum.



Gyðjulegt frá Oscar de la Renta.



Narciso Rodriguez kynnir fallegan ballkjól úr léttu efni. Svóitið í anda Dirty Dancing.

SÍÐUSTU  
 dagar!

**50% afsláttur**  
 af umgjörðum

Laugavegi 62 sími 511 6699  
 Glæsibæ sími 511 6698  
 Garðatorgi sími 511 6696  
 www.sjon.is  
 sjon@sjon.is



**sjón**  
 glæraugnaverslun



# Krummi er flottari en fyrirsætturnar í París

Hedi Slimane, sem starfar hjá Christian Dior, hefur búið til ímynd „nýja mannsins“. Sá er grannvaxinn, karlmannlegur og klæddur þröngum buxum.

Það eru kannski ekki margir sem kannast við nafnið Hedi Slimane en hann er sá sem hvað mest hefur ýtt undir hina nýju „karlmannsmynd“ sem sífellt sækir á í tísku og stjórnuheiminum.

Þessi nýja ímynd snýst um frekar fínlega menn. Þeir skulu vera grannvaxnir í finu formi, flottir, karlmannlegir og fágaðir í senn.

Hedi Slimane er franskur fatahönnuður sem síðan árið 2001 hefur verið aðalhönnuður karlmannslínu Christian Dior, Dior Homme.

Slimane byrjaði ungur að sauma og lagði mikla áherslu á óaðfínanleg snið. Þrátt fyrir að hönnun væri stóra áhugamálið þá lagði Slimane ekki stund á fatahönnun í skóla heldur lærði listasögu við Ecole de Louvre. Hann hafði þó ekki sagt skilið við fót og tísku. Að loknu listasögunámi hóf



Krummi í Mínus er „nýi maðurinn“ samkvæmt forskrift franska tiskuhönnuðarins Hedi Slimane. Rokkaður og karlmannlegur.

Slimane að vinna sem aðstoðarmaður hönnuðarins, José Lévy, og þaðan lá leiðin til Yves Saint Laurent og loks til Christians Dior.

Hedi Slimane vakti mikla athygli á nýafstaðinni tiskuviku í París þar sem „nýi maðurinn“ var í hávegum hafður, klæddur í gullstígvél, röndóttu jakka, þröngar buxur og með stóran trefil.

Við Íslendingar þurfum ekki að líta langt til að finna hinn „nýja mann“. Rokkgoðið og tiskufyrirmynd unga fólksins, Krummi í Mínus, fellur fullkomlega undir þennan hatt. Krummi er flottur, karlmannlegur, grannur og rokkari og sennilega er hann enn flottari en Dior-gæjarnir í París sem enginn heldur vatni yfir þessa dagana. ■



Fyrirsætan klæðist klassískum sumarfatnaði úr smíðju Christians Dior. Þröngar buxur, treflar, röndóttir jakkar eru meðal þess sem karlar eiga að klæðast í sumar.

**ÚTSALA**  
Síðustu dagar **Enn meiri verðlækkun**  
*Selena*  
Undirfataverslun.  
Síðumúla 3 • Sími: 553 7355  
opið virka daga kl: 11-18, Laugard. kl: 11-15

**ÚTSALA ÚTSALA**  
30 – 70% afsláttur  
**GULLBRÁ**, Nóatún 17 s. 562-4217

**WELEDA**  
Vatnslosandi  
**Birkisafi**  
hollur og góður eftir sprengidaginn  
Unninn úr þurrkuðum Birkiláufum  
Heilsuhúsið Kringlunni, Smáratorgi og Skólavörðustíg, Hagkaup Kringlunni, Maður lifandi, Lyfja, Lyf og heilsa, Fræið Fjarðarkaupum, Blómaval, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Árnesapótek og barnaverslanir.

Hollywood tíska }

## Glæsilegar gyðjur leiklistarinnar

TÍSKAN Á SAG GEFUR VÍSBENDINGU UM TÍSKUNA Á ÓSKARNUM.

Hin árlegu Screen Actors Guild Awards, SAG, voru afhent í ellefta sinn laugardaginn 5. febrúar með pompi og prakt. Þar heiðra leikarar aðra leikara fyrir vel unnin störf og sýna sig og sjá aðra. En þar eru ekki bara leikhæfileikar í aðalhlutverki heldur líka tiskuhæfileikar leikkvinnanna sem eru hver annarri glæsilegri.

Charlize Theron fær alltaf tíu í einkunn í fatavali á rauða dreglinum.

Glenn Close er orðin gömul í hettunni í leiklistarbransanum en kann svo sannarlega að klæða sig eftir tilefni.

Frábær léttur og skemmtilegur kjóll sem Mena Suvvari kaus að klæðast.

Sarah Jessica Parker er algjör tiskugyðja.

# FERMING 2005

DRENGJAFÖTIN KOMIN

<b>GOTT VERÐ</b>	<b>MIKIÐ ÚRVAL</b>
jakkaftöt 15.990	jakkaftöt: skyrtur:
skyrtta 3.990	svört einlit hvítar
bindi 2.990	teinótt rauðar
skór 6.990	moleskin teinóttar
	flauel köflóttar
	ath. saumastofuþjónusta

**galleri sautján**  
laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017 - www.ntc.is

**Púsluspil**

Tilvalin leið til að stytta sér stundir á löngu flugi er að setja saman púsluspil. Hafðu þó í huga að borðpláss í flugvél er ekki mikið þannig að spilið má ekki vera stórt og alls ekki það erfitt að þú náir ekki að ljúka því áður en fluginu lýkur. Púslaðu spilinu saman í lokinu af kassanum sem það kemur í til að forðast að lítil púsl falli á gólfid.



**VARMA**  
sokkar

Frábærir göngusokkar við allar aðstæður

**GLÖFI**  
Hrísalundi 1B – 600 Akureyri  
Sími 462 6569 – www.glofi.is

**Heimsreisa**  
BRYNJA DÖGG FRÍÐRIKSDÓTTIR  
SENDIR PISTLA ÚR HEIMSREISU SINNI



Kúrekar finnast víðar en í Bandaríkjunum.

**Kúrekar í syngjandi sveiflu**

Þegar talað er um kántrítónlist koma Bandaríkin eflaust fyrst upp í huga flestra. Kántrítónlist er þó einnig vinsæl í Ástralíu og sérstaklega í 40.000 manna bænum Tamworth sem er í um sex tíma fjarlægð frá Sydney. Í janúar ár hvert er haldin tveggja vikna kántríhátíð í Tamworth og er sú hátíð landsþekkt í Ástralíu og dregur að sér tugþúsundir manna ár hvert. Flestir gestirnir koma vegna kántrítónlistarinnar en þó líklega allir fyrir stemninguna sem er vægast sagt einstök og á sér enga líka. Dagskrá hátíðarinnar er þéttskipuð tónlistarmönnum, þekktir tónlistarmenn í bland við lítt þekktari, en algengt er að margir reyni að koma sjálfum sér og tónlist sinni á framfæri á hátíðinni. Aðalgata bæjarins er til að mynda þéttskipuð tónlistargötufólki sem er að spila og reyna að koma sér á framfæri, allt frá ungum krökkum upp í trúbadora og upp í heilu fjölskyldurnar þar sem hver fjölskyldumeðlimur er með sitt hljóðfæri.

Á kántríhátíðinni er einnig haldin lokaúrslitakeppnin í „nautgripareið“ og rodeo en þessar kúrekakeppnisgreinar trekkja að fjölmarga áhorfendur. Nautgripareið er vinsæl keppnisíþrótt í Ástralíu með stóran aðdáendahóp. Þessi óhefðbundna íþróttgrein er að því er virðist stórhættuleg og það er mikið í húfi fyrir þátttakendur bæði líkamlega og fjárhagslega en verðlaunaféð er nokkrar milljónir fyrir hvern sigur. Nautgripareið snýst um að halda sér á baki bolans í átta sekúndur eða meira en stig eru einungis gefin náí keppandi að sitja lengur en tilskilinn tíma og eru stigin reiknuð í samræmi við tíma. Keppendur eru eingöngu karlmenn þrátt fyrir að kvenmenn gætu eflaust náð góðum tókum á greininni ef þeim væri gefið tækifæri til. Nautgripareið er því karlaíþrótt og keppendur njóta mikillar hylly smástráka sem fyrirmyndir en einnig meðal kvenna sem heillast auðveldlega af kúrekunum í fullum skrudá, með hatt á höfði.



**Vinsældir Kína aukast**

*Metár í heimsóknum erlendra ferðamanna*

Ferðamannastraumur til Kína jókst til muna á síðasta ári en um 108 milljónir erlendra ferðamanna heimsóttu landið og er þetta um 18 prósentu aukning frá árinu áður. Í kjölfarið er Kína komið í fimmta sætið yfir mest sóttu ferðamannastaðina og hefur þar með komist upp fyrir ríki eins og Þýskaland og Bretland. Líkur eru á að það nái einnig að hoppa upp fyrir næsta land á listanum sem er Ítalía. Tekjur Kína af ferðamönnum á síðasta ári námu um 15 hundruð milljörðum króna, sem er 47 prósentu aukning frá árinu 2003. ■

**Bandaríkjaferðir á frábæru verði**

**Netsmellur til USA**

**Verð frá 36.900 kr.\***

\*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald

Bókaðu á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

**ICELANDAIR**  
www.icelandair.is

**Síðdegisgöngur, dagsferðir, skíðferðir, helgarferðir, sumarleyfisferðir, jeppaferðir, hjólaferðir ..... Kíktu á [utivist.is](http://utivist.is)**

Laugavegi 178, sími 562 1000  
[www.utivist.is](http://www.utivist.is)

**um landið }**

**Umhverfis Þingvallavatn í fimm áföngum**

ÁFANGAGÖNGUR HAFVA VERIÐ FASTUR LIÐUR Í STARFSEMI ÚTIVISTAR SÍÐUSTU ÁRIN.

Fyrsta gangan af fimm er á dagskrá næsta sunnudag og verður gengið frá Dráttarhlíð að Hagavík. Farnar eru fremur stuttar dagleiðir, eða 8 til 10 kílómetrar þannig að flestir ættu að geta tekið þátt þótt þeir séu ekki í toppformi. Brottför er frá BSÍ kl. 10.30 alla dagana. Með Þingvallavatni lágu leiðir manna á þingstaðinn úr öllum áttum um aldri þannig að segja má að saga íslensku þjóðarinnar sé við hvert fótmál. Áfangagöngur hafa verið fastur liður í starfsemi Útivistar um nokkurra ára skeið og jafnan notið vinsælda. Nánari upplýsingar um göngurnar og aðrar ferðir félagsins má finna í prentaðri ferðaáætlun Útivistar og á heimasíðunni [utivist.is](http://utivist.is)

**klæddu þig vel**

**66° NORDUR**



# Sumarferðir

## ferðadót

bls. 2

## paradís brúðhjóna

bls. 4

## gulur leigubíll

bls. 6

## barnvænar strendur

bls. 8

## gengið í útlöndum

bls. 10

mundu að snúa þér á ströndinni ...





## FERÐADÓT



Vifta úr  
Byggt & búíð.



Kútur úr  
Leikfangabúðinni.



Sólhattur úr  
Accessorize.



Taska úr  
Byggt & búíð.



Bolur úr Blend.



Der úr Kúltúr.



Klukka úr  
Byggt & búíð.



Sandalar úr  
Accessorize.



Ingibjörg reynir að komast með fjölskylduna út fyrir landsteinana öðru hvoru.

## Leggur upp úr því að sumarleyfið mæti þörfum allrar fjölskyldunnar

*Fjölskyldan fór í dagsferð frá Króatíu til Feneyja í fyrrasumar og dúfurnar á Markúsartorginu græddu á því.*

Ingibjörg Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur reynir að komast til útlanda með fjölskylduna þegar færi gefst.

„Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga við val á áfangastað fyrir svona stóra fjölskyldu. Við reynum að finna stað með fallegu landslagi og góðu veðri þar sem aðbúnaður er líka góður. Það er góður kostur að vera á íbúðahótelum þar sem er eldunaraðstaða. Þau eru þó ekki alltaf auðfundin þar sem yfirleitt er gert ráð fyrir að fólk eigi ekki fleiri en tvö börn. Við eigum hins vegar þrjú svo við erum fimm í allt og það hefur áhrif á hvert við förum í frí. Veðrið skiptir líka máli og við höfum reynt að velja staði þar sem er gola frekar en þar sem er mollulegt og þá gjarna á eyjum þar sem er vindur. Svo er heilmikið atriði að það sé afþreying fyrir alla. Börnin mín eru á aldrinum sjö til fjórtán ára og þarf því helst að vera eitthvað fyrir alla að gera. Við kynnum okkur vel hvað hægt er að gera á hverjum stað, t.d. köfunarnámskeið eða vatnasport fyrir eldri krakkana. Í fyrra fórum við til Króatíu þar sem var geysilega fallett og margt við að vera.“

Ingibjörg hefur ekki fundið neinn einn óskastað heldur finnst gaman að breyta til og sjá mismunandi staði. „Það er gaman fyrir krakkana að fræðast um mismunandi staði og menningu. Í fyrra fórum við til dæmis frá Króatíu til Feneyja í dagsferð og upplifðum þar ýmislegt sem er ólíkt því sem gerist í þessum týpisku sólarlandaferðum.“

Ingibjörg og fjölskylda fara ekkert endilega í sólarlandaferðir. „Við höfum ekki bara farið í sól heldur líka til Norðurland-Evrópu. Við reynum samt að velja lönd þar sem við getum verið viss um gott veður. Hvert farið er fer líka dálítið eftir aldri barnanna. Þegar þau eru mjög ung er ekki gott að vera á flakki en með aldrinum verða þau færarlegri og skemmtilegra að fara með þau í skoðunarferðir.“

Í sumar verður fríð meira á þeim nótum. „Við erum búin að panta flug til Frankfurt og ætlum svo bara að leigja bíl og fara út í bláinn. Það er spennandi og öðruvísi en við höfum gert áður,“ segir Ingibjörg að lokum

### ÝMISLEGT SEM GOTT ER AÐ HAFI MEÐ Í FJÖLSKYLDUFRIÐ

#### FYRIR UNG BÖRN

hitlækkandi/verkjastillandi stíla salt og sykurlausn sem er duft hrært út í vatni, ef þau fá upp eða niðurgang sólarvörn með háum varnarstuðli (30-60) sólhatt eða derhúfu kerru með skyggni

#### FYRIR ELDRI BÖRN

einnig sólarvörn með háum stuðli verkja/hitastillandi lyf ofnæmislyf, plástra sótthreinsivökva og teygjubindi töflur við magapest (imodium) acidophilustöflur til að halda maganum í lagi aloa vera-gel til að kæla húðina eftir sólbruna efni til varnar skordýra-bitum „penna“ til að slá á einkenni eins og kláða vegna skordýrabita vægan stera-ábúð (t.d. mildison) við sólarexemi og flugnabitum



## Slóvenía

Ég tók á móti fyrstu íslendingunum, sem komu til Slóveníu á vegum íslensku ferðaskrifstofanna fyrir 30 árum.

Nú er ég búinn að snúa dæminu við og býð fólki ferðir héðan til Slóveníu!



NONNI TRAVEL

Sími 461 1841 - www.nonnitravel.is

## Dreifir tonni af sumarhúsabæklingum

*Ísfríðingurinn, Fylkir Ágústsson, hjálpar fólki að panta sumarhús á netinu.*



„Ég er búinn að fá eitt tonn af DanCenter bæklingnum fyrir næsta sumar. Margir vilja frekar fletta bæklingnum þótt það sé auðvitað mjög auðvelt að nálgast upplýsingar og bóka á netinu,“ segir Fylkir Ágústsson sem er umboðsmaður DanCenter hér á landi en fyrirtækið hefur á sínum snærum sumarhús af öllum stærðum og gerðum í Danmörku, Norge, Svíþjóð og víðar. Fylkir segir vinsældir sumarhúsanna síst fara minnkandi enda sé þetta þægilegt fyrirkomulag á sumarleyfinu. „Fólk getur leitað að húsi sem hentar á heimasíðu DanCenter og gengið frá bókun án mikillar fyrirhafnar. Ég brýni fyrir fólki að vanda valið því það er allur skalinn í boði, allt frá glæsihöllum með sundlaug í garðinum og niður í hálfgerða kofa sem sumir eru því miður ekki hjóðandi Íslendingum,“ segir Fylkir Ágústsson. Hægt er að lesa sér til um sumarhús Dancenter á heimasíðunni www.fylkir.is á netinu.

Fylkir Ágústsson þekkir vel til sumarhúsamenningar á Norðurlöndunum.





## FARÐU ÚT Á VILDARPUNKTUM

Viltu komast í hóp þeirra tugþúsunda VISA korthafa sem fara í Vildarferðir með Icelandair? Þú safnar Vildarpunktum í hvert skipti sem þú notar Vildarkort VISA og Icelandair hér heima. Ert þú ekki örugglega að safna? Kannaðu málið á [www.visa.is/vildarkort](http://www.visa.is/vildarkort) til að vera viss.




## TIL ÍTALÍU Á VILDARPUNKTUM

### FENGUM EKKI TÍMA Í TURNINUM!

Ítalía er í miklu uppáhaldi hjá okkur og síðast þegar við fórum þá völdum við strandbæinn Forte dei Marmi á Norð-vestur Ítalíu. Við flugum til Milanó og notuðum Vildarpunkta fyrir krakkana. Okkur fannst það heillandi tilhugsun að eyða fríinu á þægilegum stað í um hálf tíma akstursfjarlægð frá Pisa. Við vorum búin að lofa krökkunum að fara uppí skakka turninn, en í raun er ótrúlegt að turninn skuli standa uppi miðað við hvað hann hallar mikið. Því miður fengum við ekki að fara upp í turninn þennan dag, því það varð að panta sér tíma með dags fyrirvara! En krakkarnir voru ánægðir enda er ítalski jógúrtísinn frábær sárabót í sumarhitum Ítalíu.





Það er ógleymanlegt að fara í siglingu í kringum Míritius.

## Paradís brúðhjóna og ensk sveitasæla

Ferðaskrifstofurnar *Prima* og *Embla* hafa sameinast og bjóða úrval vandaðra sérferða í litlum hópum með íslenskri fararstjórn. Einnig hafa þær draumahús til leigu á Ítalíu og í Bretlandi.

„Við leggjum áherslu á vandaðar sérferðir í litlum hópum, hágæðaferðir um framandi slóðir með íslenskri fararstjórn. Meðal áfangastaða er Míritius, paradísareyja í Indlandshafi sem er sérstaklega góður áfangastaður fyrir brúðhjón enda ætlum við að koma sérstaklega til móts við nýgifta þegar kemur að þessum áfangastað. Þarna skín sólin á fegurstu strendur heims, vatnasport er vinsælt og við erum að bjóða þar bestu hótél í heimi. Val er um gístaði þar sem allt vatnasport er innifalið og ýmist hálf fæði eða fullt fæði og allir drykkir. Míritius er fjölskylduvænn frístaður, eyjan er mjög lítil, yndislegt fólk og góður matur,“ segir Ingiveig Gunnarsdóttir sem er markaðsstjóri og annar aðaleigenda *Prima-Embla* ferðaskrifstofunnar.

Fleiri óvenjulegir áfangastaðir eru í boði. „Við erum líka með sumarvillur til leigu með privat sundlaug og gördum á fegurstu stöðum Ítalíu, til dæmis í hinu rómaða Toscana héraði.“ Svo er líka hægt að fá sveitasetur, fullbúin öllum þægindum á Bretlandi svo manni líður eins og í sögu eftir Agötu Christie. Þá má ekki gleyma siglingum með skemmtiferðaskipum um Miðjarðarhafið og Karabíska hafið og svo er ferðaskrifstofan í nánú samstarfi við Heimskringlu, ferðaklúbb Ingólfs Guðbrandssonar með lista- og menningar-tengdar ferðir sem hann sjálfur leiðir. Það er því margt spennandi á boðstólum hjá *Prima-Embla* í sumar.



Ingiveig Gunnarsdóttir, markaðsstjóri *Prima-Embla*.



FRÉTTAABÍGVA

## Króatía er heitasti staðurinn

Heimsferðir eru með stærstu ferðaskrifstofum landsins og segir Bjarni Hrafn Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða, að nú sé Króatía að stimpla sig inn hjá Íslendingum sem einn vinsælasti áfangastaðurinn í sumar.

„Við bjóðum upp á mikla möguleika í ferðum í sumar og allir áfangastaðir okkar hafa sína sérstöðu og bjóða Íslendingum aðstaður fyrir skemmtilegt sumarfrí. Við förum snemma af stað með sölu á sumarleyfisferðunum í ár og viðtökur hafa hreint út sagt verið rifandi góðar. Það hefur aldrei verið bókað eins mikið í sumarferðirnar og það sama má segja um nánast allt sem í boði er, bæði borgarferðir og ýmsar sérferðir. Svo kom náttúrulega hressilegur kippur í sölu á skíðaferðum okkar til Austurríkis þegar skíðaferið hvarf hér heima um daginn, enda segir fararstjórinn okkar í Zell am See að skíðaferið þar og allar aðstaður séu hreint frábærar núna,“ segir Bjarni.

Króatía er ótvírætt einn heitasti staðurinn hjá Heimsferðum um þessar mundir. „Þar er að finna ótrúlega náttúrufegurð, fallegar strendur og tæran sjó. Menningin er heillandi og gístaðirnir glæsilegir. Við bjóðum nú annað árið í röð vikulegt flug til Króatíu í allt sumar. Aðaláfangastaður okkar er Porec á Istria skaganum sem er



Bjarni og félagar hans hjá Heimsferðum bjóða nú upp á ferðir til Króatíu annað árið í röð.

nyrsti hluti Króatíu. Þar eru margir þekktustu sumardvalarstaðirnir eins og Porec, Rovinj og Pula. Nú í ár bjóðum við einnig gistingu í bænum Rovinj sem margir farþegar okkar heimsóttu í fyrrasumar. Að-

staður á gístisvæðunum eru frábærar og hægt að stunda íþróttir af ýmsu tagi,“ segir Bjarni en veðrið í Króatíu er afskaplega notalegt.

Heimsferðir bjóða upp á fjölbreyttar skoðanaferðir í Króatíu. Má þarf nefna dagsferð til Pula og Brijuni eyjanna, hálf dagsferð til Rovinj-Porec, dagsferð til Feneýja og kvöldferð á dæmigert, króatískt bóndabýli. Einnig er hægt að iðka köfun, tennis, strandblak, sjóskíði, seglbretti og golf svo eitthvað sé nefnt.

Heimferðir bjóða upp á marga fleiri kosti í ferðum í sumar þó Króatía standi óneitanlega upp úr. „Við bjóðum upp á alla vinsælustu áfangastaðina hjá landanum til margra ára, eins og Costa del Sol og Mallorca, Benidorm, Portúgal, Rimini auk borga eins og Barcelona og Prag. Þetta eru allt saman vinsælir og frábærir áfangastaðir sem Íslendingar hafa heimsótt í hundrða og þúsunda tali undanfarin ár,“ segir Bjarni og bætir við að Heimsferðir bjóða upp á beint leiguflug og gott verð á bílaleigubílum í tengslum við alla sumarfangastaði sína.

# Afmælistilboð

Í tilefni árs afmælis okkar bjóðum við einstakt verð til Tælands í sumar

<p>2 vikur í Hua Hin: Verð á mann í tvíbýli frá:</p> <p style="background-color: yellow; color: black; padding: 2px;"><b>85.100 kr.</b></p> <p><small>með öllum sköttum!</small></p>	<p>2 vikur á 5 stjörnu lúxushótel í Hua Hin: Verð á mann í tvíbýli frá:</p> <p style="background-color: yellow; color: black; padding: 2px;"><b>111.150 kr.</b></p> <p><small>með öllum sköttum!</small></p>	<p>2 vikur á Jomtien/Pattaya: Verð á mann í tvíbýli frá:</p> <p style="background-color: yellow; color: black; padding: 2px;"><b>87.100 kr.</b></p> <p><small>með öllum sköttum!</small></p>
--	--	--

**Takmarkað sætaframboð.**  
Margir spennandi ferðamöguleikar á heimasíðu okkar: [www.kuoni.is](http://www.kuoni.is)

Bæklingar á völdum Esso-stöðvum.

Holtasmára | • 201 Kópavogi • Sími: 5 100 300 • Símréf: 5 100 309  
Netfang: langferdir@langferdir.is • Heimasíða: www.kuoni.is  
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

## Nonni fer til Grænlands

*Nonnaferðir á Akureyri bjóða upp á öðrúvísí sólarferðir í sumar, nefnilega í skíðaparadís á Grænlandi.*

Þetta er fjórtán daga ævintýraferð fyrir skíða- og brettamenn upp á jökul á austurströnd Grænlands. Flugferð er frá Reykjavík til Constable Point á Grænlandi en þaðan er síðan 15 mínútna þyrflflug, eða þriggja tíma sleðaferð ef ekki er fært að fljúga í tjaldbúðirnar sem eru á Liverpool Land uppi á jöklinum Grethe Glacier. Þar býður heit máltíð og svo koma menn sér fyrir í tjöldunum. Næstu tíu daga er gengið á hina ýmsu tindar sem gnæfa yfir svæðið og nýjar brekkur prófaðar. Svo er nauðsynlegt að taka sér frí einn og einn dag inn á milli, liggja í sólbaði, dást að útsýninu sem á sér engan sinn líka og njóta þess einfaldlega að vera til á þessum fallega og þögla stað. Að tíu dögum liðnum er kominn tími til að skíðum niður af jökulröndinni til móts við hundasleða sem flytja menn og búnað á næsta áfangastað. Farið er með hundasleðunum til Ittoqqortoormiit, lítils veiðimannaborgs með um 600 íbúum, og þaðan er farið í annað enn minna þorp sem heitir Kap Tobin (Uunartoq) 7 kílómetrum sunnar. Þar má skoða umhverfið, klifa borgarísjaka og kynna sér daglegt líf íbúa á austurströnd Grænlands. Tveimur dögum seinna er svo flugið aftur til Reykjavíkur.

Menn fá að spreyta sig í fjallgöngum í Grænlandsferðunum. Kominn á toppinn! Útsýnið frá Liverpool Land er stórbrotið.

Vodafone Eurocall

ISENSKA AUGLÝSINGARSTOFNANNAIS OGV 27.3.08 02/2005



# Heyrir þú í öldunum?

Með því að skrá þig í Vodafone Eurocall talar þú á allt að 47% lægra verði þegar þú ferðast í Evrópu.

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.



og hvað segir þú?



Gulla og Brói í góðum filing á Costa del sol síðasta sumar.

## Sólin góð fyrir skrokkinn og sálina

**Hornfirðingarnir Guðlaug Hestnes og Örn Arnarson, sem ganga líka undir nöfnunum Gulla og Brói, fara árlega í sólarlandaferð og alltaf á sama staðinn. Þau fara á vegum Heimsferða og eru búin að panta sumarferðina í ár.**

„Við hjónin höfum farið árum saman á Costa del Sol og gisti í sömu stúdíóbúðinni á hóteli Bajondillo,“ segir sóldýrkandinn Gulla Hestnes þegar haft er samband við hana símleiddis. Hún segir tilgang ferðanna númer eitt vera þann að fá hita í kroppinn og komast í algera afslöppun. „Það er gott að vinda ofan af sér eftir annríki vetrarins,“ segir hún en Gulla sinnir tónlistarkennslu við Tónskóla A-Skaftfell-inga og undirleik og raddæfingum hjá Karlakórnum Jökli, auk þess að stjórna Gleðigjöfum, kór eldri borgara sem er að gefa út disk þessa dagana.

Gulla segir þau Bróa alltaf fara ein saman út en ávallt hitta gott fólk í ferðinni sem gaman sé að umgangast. „Við hittum sama fólk ári eftir ár víðsvegar að úr Evrópu svo það eru greinilega fleiri vanafastir en við,“ segir hún hlæjandi. Eitt árið segir hún þau hafa hitt ljósmyndara sem hafi verið á leið til Íslands að mynda jöklana og að sjálfsgöðu hafi hann verið boðinn velkominn til Hornafjarðar. Hann var mættur í heimsókn hálfum mánuði seinna, dvaldi í þrjú daga og kvartaði helst yfir hitanum því hann fór í 18 stig. En hvað er svona gott við Costa del Sol og hvernig skyldu þau hjónin verja tímanum þar? „Við röltum um og höfum farið í ótal skoðunarferðir, bæði með fararstjóra og á eigin vegum,“ segir Gulla og bætir við. „Svo sofum við og lesum og flatmögum á ströndinni.“ Hún segir þau yfirleitt fara í lok júlí og ef hitinn verði óbærilegur skriði þau í skugga eða fari inn í loftkælda íbúðina. „Annars þolum við hitann vel og finnst sólin góð fyrir skrokkinn og sálina.“



Plúsferðir bjóða ferðir til strandbæjarins Mestre sem er skammt frá Feneçjum á Ítalíu. Bærinn þykir afar líflægur.

## Feneyska rivíeran kemur skemmtilega á óvart

**Feneyska rivíeran er nýjung hjá Plúsferðum í sumar. Auk þess eru Marokkó og Tyrkland komin á kortið.**

„Feneçjar eru nýjung hjá okkur í sumar og að mínu viti gríðarlega spennandi áfangastaður,“ segir Laufey Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Plúsferða. „Við bjóðum upp á gistingu í strandbæ sem er eiginlega framhald af Feneçjum, í um 40 mínútna akstursfjarlægð frá borginni. Ströndin er sjö kílómetrar og þarna eru um 400 hótél og gististaðir auk mikils fjölda veitingahúsa, bara og verslana. Bilaumferð er bönnuð á aðalgötunni yfir hásumarið sem gefur góða stemningu,“ segir Laufey.

Plúsferðir hafa um árablið boðið ferðir til Kítar og verður svo í sumar. Laufey segir Kít vera flaggskip ferðaskrifstofunnar og vinsældir staðarins alltaf að aukast. „Fyrst um sinn var Kít vinsæl af þörum og hafði yfir sér svolitíð



Laufey Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Plúsferða, er spennt að sjá hvernig rivíeran í Feneçjum leggst í fólk. Hún segir þetta kjörinn sólarstað fyrir þá sem vilja breyta til.

rómantískan blæ. Þetta hefur verið að breytast og nú sjáum við æ fleiri fjölskyldur skipuleggja friði sitt á Kít. Við bjóðum nýja gististaði á Kít í sumar og eru spennt að sjá hverjar viðtökurnar verða.“

Af öðrum sólarferðum Plúsferða má nefna Costa del Sol, Mallorca og Portúgal. Þessir staðir eru að sögn Laufeyjar löngu orðnir klassískir og fjöldi ferðamanna sem vill hvergi annars staðar vera. Þá er fyrirhuguð vorferð til Marokkó og haustferð til Marmaris á Tyrklandi. „Þessar tvær ferðir eru sérlega spennandi. Við förum með hóp til Marokkó síðasta haust og það virkaði mjög vel. Marokkó kom fólki skemmtilega á óvart – ekki ósvipað og ég tel að Feneçjar muni gera í sumar,“ segir Laufey Jóhannsdóttir.

## Is this a yellow cab?

**Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður er heillaður af New York en var mjög varkár þegar hann kom þangað fyrst.**

„Í fyrsta sinn sem ég fór einn til Útlanda var ég orðinn 23 ára gamall og þá fór ég til New York í stutt nám í kvikmyndagerð. Ég hafði áður ákveðið að spyrja Egil Eðvarðsson ráða varðandi hegðun og framkomu í stórborginni og hann hafði ráðlagt mér ýmislegt úr viskubrunnum sínum. Meðal annars hafði hann lagt áherslu á að ég ætti ekkert að vera að taka neðanjarðarlestina heldur taka bara leigubíla og þá eingöngu „Yellow Cab“. Þegar ég kom á flugvöllinn var ég minnugur orða Egils um að taka bara gulan leigubíl og fylgdi samviskusamlega skilti sem á stóð Taxi stórum stöfum. Það leiðir mig inn í sal þar sem ekkert sést svo langt sem augað eygir annað en gulir leigubílar. Ég ákvað samt að hafa vaðið fyrir neðan mig og spurði fremsta leigubílstórann borginmannlega: „Is this a yellow cab?“ Hann horfði fyrst á bílaflo-ann og svo á mig og sagði svo „Yes“. Ég ákvað að trúna honum og fór inn í bílinn en var samt svolitíð órólegur því ég hafði heyrt um leigubílstjóra sem færu með fólk



eithvað út í bláinn, hirtu af þeim alla peningana og skildi það svo eftir. Leigubílstjórinn var alltaf að spyrja mig á leiðinni „Why did you ask if this was a Yellow cab?“ en ég gat einhvern veginn aldrei svarað því. Í mínum augum var hann frekar tortryggilegur og honum fannst ég örugglega afar grunsamlegur.“ Stórborgarskrekurinn rjátlaðist fljótt af Ásgrími, sem kunnir mjög

vel við sig í New York. „Lykilatriðið, sem ég fylgdi alls ekki þarna, er að þú átt ekki að láta sjást að þú sért túristi og besta leiðin til að passa það er að vita alltaf hvert þú ert að fara. Eða láta allavega líta út fyrir það. Ég hef ekkert komið til New York síðan þetta var en hef ákveðið að fara aftur núna, 18 árum síðar. En á eftir London, þar sem ég bjó í mörg ár, er New York samt borgin mín.“



Spennandi ævintýraferðir til allra heimsálfa með Encounter, Dragoman, Contiki, Intrepid, Imaginative Traveller, Tucan o.fl.

Allar nánari upplýsingar liggja frammi á skrifstofu okkar eða á [www.exit.is](http://www.exit.is).



Færð þú MasterCard Ferðadávísun?



STÚDENTAFERÐIR  
exit.is

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + [info@exit.is](mailto:info@exit.is) + [www.exit.is](http://www.exit.is)



# Á d g & g m u x i g'

æ&™ z z l & k x o ð g n z y l s g x



\d g & R l K ð ð h a g n y z k r 9999

8 & t o y l x & ? 4 6 : : 2 3

Kozz g l ðakyz & d g ð a y z k r t { s &  
S gnuð g & gniðkzðg ykz á n i k Á x o  
Gih l k o g & ð y n g x á { s ðanðz z z &  
S { x u g z x ' t j á g & l x h Á x y l t j 3  
r g l n g n g x { x ðanð u z z ' t y z z ð h a o l

Kl & ð q p i o & m ð ð k o x g r a h h  
S g y z o l g y ð ð a z x { & t t o  
l p r y q f j { l l k x ðanðs gnuð g'

- ð Vezgððanðk þít { yzðs: ðaryzð
- ðkoið ngyzð { x
- ð'zððy l t j n g l n g n g x { x
- ð'Á yakið x z z g g y z g
- ð x h Á x g y z g g ðanð g n y q i ð G o ð a ' x
- ð 6 6 ð ð x ð r g f g g n { j g g z x ' t j á t o
- ð k o j o n t g z z y þ í t | g v
- ð k j n a y z y s ð y | g r o z x e m m a n ið
- ð ð l z q l a r i m
- ð Y g s y a l q z



• \k x & ð g t ð ð l Á x i q a j x s 4 4 8 8 ð m u x t g ðanð ð h x t & ð D 7 7 & x g / z h o u z z ' x s 7 4 p t ' Y a n ð h y q l t & ð y l s g d l o j o r y ð k o l ð & d j g &  
Y l t x y k ð 4 4 8 8 ð m u x t g ðanð ð a j x s 7 4 - 9 < z ðanð & d j g ð h { k x > 4 > = z ð g z n ð y z ð g ð h a ' U o ð ð y q u l j g l ð g n u l Á s g o t q u z k  
l G o x ð & } } 4 { s g d l o j o r y ð ð t d g r d ð l r n ð ð r m g n y g z z g z ðanð ð h r i d t y q ð g y z q l o t ð h y s g h y q l t g n u g j ð o z 4 6 6 z ð k x ð y x ' k u g 4

\d g & l T X O K ð ð h a g n y z k r 999

8 & t o y l x & : 4 7 > 2 3

Ngnu l Á s { x q u y z x l G o ð g n g  
l p r y q f j { t g o m l g x h a o z y | g r o x  
u n ð y z ð y l t j r g l n g n g x { x s k  
h g x t g ðanð x z z g g y z ' { & k r  
y z g y k z z & G n { j g 4

l k z g ð o ð g g y t o m u t ð l ðanð yakið ð x l g o  
\d g z h a z i n g & ð s gnuð g & l y q u g { & o n  
{ s & } } 4 { s g d l o j o r y

- ð Vezgððanðk þít { yzðs: ðaryzð
- ðkoið ngyzð { x
- ð'zððy l t j n g l n g n g x { x
- ð x z z g g y z g g ð k ð k t t o y
- ð x h Á x g y z g g ðanð g n y q i ð G o ð a ' x
- ð 6 6 ð ð x ð r g f g g n { j g g z x ' t j á t o
- ð k o j o n t g z z y þ í t | g v & g t i t a z
- ð k j n a y z y s ð y | g r o z x e m m a n ið
- ð ð l z q l a r i m





Tómas Þór segir margt nýtt og spennandi á döfinni hjá Langferðum.

## Spennandi fjölskylduferðir til Tælands

Langferðir bjóða upp á nýja og framandi áfangastaði í samvinnu við Iceland Express og Apollo.

Ferðaskrifstofan Langferðir fagnar eins árs afmæli um þessar mundir, en Langferðir starfa í samvinnu við ferðaskrifstofuna Kuoni sem er ein stærsta ferðaskrifstofa í heimi. Kuoni verður 100 ára á næsta ári.

Langferðir hafa boðið upp á pakkaferðir til Tælands og nú er í gangi afmælistilboð til Hua Hin, sem er strandbær skammt suðvestan við Bangkok.

„Við höfum tekið út tvö fimm stjörnu lúxushótel á þessum elsta og vinsælasta sólarstaði í Tælandi,“ segir Tómas Þór Tómasson, framkvæmdastjóri Langferða. „Sérstaða bæjarins er að þarna ekki tilbúinn ferðamannastaður heldur er þetta gamall tælenskur bær og hótelin hafa byggst upp í kringum ströndina. Þarna er fólk í tengslum við hið sanna Tæland.“

Langferðir bjóða upp á tveggja vikna ferðir til Hua Hin á um það bil 120 þúsund krónur á mann og veglegan barnaafslátt.

„Þarna er frábær strönd og alltaf mikið um að vera. Við erum með íslenska fararstjóra og að sjálfsgöðu fjölbreyttar kynnisferðir á staðnum“ segir Tómas.

Ýmislegt nýtt er í burðarlíðnum hjá Langferðum, meðal annars samstarf við Iceland Express og dótturfyrirtæki Kuoni, ferðaskrifstofuna Apollo. „Við munum bjóða upp á dæmigerðar sólarlandferðir með Apollo og í vor gefum við fólk forsökkinn að því sem koma skal þegar við bjóðum upp á ferðir til grísku eyjarinnar Poros á verði sem er fyllilega sambærlegt við beint leiguflyg frá Íslandi. Okkar ferðir eru í gegnum Kaupmannahöfn, sem er einmitt rúsinan í pylsuendinum. Það er alltaf eftirspurn eftir tíu daga ferðum og þetta hentar mörgum vel, vika í sólinni og nokkrir dagar í stórborginni.“

Aðaláherslusvæði Apollo er austanvert Miðjarðarhaf, Grikkland, Tyrkland, Túnis, Ítalía, Búlgaría, Rúmenía, Króatía og Malta, þannig að við erum að koma með alveg nýja vídd inn í þetta.“



## Barnvænir og sólríkir áfangastaðir

Á Alcúdia á Mallorca er afskaplega sólríkt. Sumarferðir bjóða upp á ferðir til Lanzarote sem hafa verið afskaplega vinsælar.

Sumarferðir er tiltölulega ný ferðaskrifstofa sem eins og nafnið gefur til kynna býður upp á sumarferðir fyrir alla fjölskylduna. Samkvæmt Þorsteini Guðjónssyni hjá Sumarferðum spáir fólk miklu fyrir í sumarfríi en áður.

„Ferðasumarið fór fyrir af stað í ár heldur en það hefur gert og það fyrsta sem við kynntum voru ferðir til Lanzarote á Kanaríeyjum. Það fór alveg briliant af stað og eru sjötíu prósent af sætum fyrir sumarið seld. Samt erum við með vikulegt flug alveg fram í september. Þetta er eiginlega umtalaðasti staðurinn af nýju áfangastöðunum hjá okkur enda mjög spennandi staður og gístaðirnir eru áhugaverðir,“ segir Þorsteinn.

„Annað sem er nýtt er Mallorca. Fólk þekkir vissulega Mallorca en við sýnum fólk nýjan vinkil. Nú bjóðum við upp á gistingu á Viva hótelnunum sem er keðja út um alla Mallorca-eyjuna. Hingað til hefur



Sumarferðir bjóða upp á spennandi áfangastaði fyrir sumarið og er Þorsteinn mjög ánægður með móttökur.

það verið of dýrt að gísta þar en nú í fyrsta skipti bjóðum við Íslendingum upp á þessa gistingu. Hótelkeðjan er þekkt fyrir flotta garða og leggur mikið upp úr því að hafa gott fjölskylduprógramm og svæði fyrir íþróttaiðkun. Þess vegna hefur mikið af barnafólki tekið vel í þetta. Alcúdia á Mallorca er líka nýjung hjá okkur en þar er sólríkara en á hefðbundnu ferðamannastöðunum á Mallorca,“ segir Þorsteinn og

getur fólk nú upplifað Mallorca á annan hátt.

Sumarferðir halda líka í það klassíska í sumar. „Við erum með bæinn Calpe sem við kynntum í fyrra og það er fjöldi fólks sem vill fara þangað aftur núna. Það er afskaplega barnvæn og skemmtilegur staður. Síðan bjóðum við auðvitað upp á ferðir til Alicante svæðisins,“ segir Þorsteinn og bætir við að ferðapantanir fari fyrir af stað nú en áður. „Yfirleitt er fólk að panta fríin upp úr mánaðarmótunum janúar febrúar en núna byrjaði það skömmu eftir áramótin. Við höfum tvöfaldað framboð okkar milli ára og það sést á flettingum á heimasíðunni okkar. Í fyrra settum við met í flettingum á viku en þá fengum við sautján þúsund heimsóknir. Nú fyrir stuttu fengum við 43 þúsund flettingar á dag. Fólk sýnir okkur mikinn áhuga og fólk veit hvað það vill. Við erum mjög glöð og sæl hér.“

## Klæðskerasumaðar ferðir til útlanda

Ferðaskrifstofan Ísafold skipuleggur öðruvísi ferðir fyrir smærri hópa.

Ferðaskipuleggjandinn Ísafold fékk nýverið ferðaskrifstofuleyfi frá samgönguráðuneytinu sem þýðir að fyrirtækið getur nú selt og útfært ferðir til útlanda. „Það hefur lengi verið draumurinn að útfæra sérniðnar ferðir að þörfum minni hópa,“ segir Jón Baldur Þorbjörnsson, stofnandi Ísafoldar sem hefur starfað við ferðaþjónustu síðan árið 1983. Þá byrjaði hann sem leiðsögumaður hjá Úlfari Jacobsen, en stofnaði svo Ísafold árið 1997 og sérhæfði sig í ferðum innanlands.

„Nú getum við boðið upp á klæðskerasumaðar ferðir fyrir hópa hvert í heiminum sem er,“ segir Jón Baldur. „Fólk getur komið til okkar með sínar hugmyndir og við útfærum ferðina í samvinnu við ferðalangana. Ég legg áherslu á að hópurinn sé virkur og taki þátt í skipulagningu ferðarinnar og skemmtilegast er ef fólk kemst vel inn í mannlíf á viðkomandi stað. Við höfum stundum talað um að komast „under the skin“, og þó að matur, menning og mannlíf í London til dæmis geti hljómað klisjukennt þarf það alls ekki að vera það. Við erum að tala um að fólk sjái og upplifi aðra staði en hinn dæmigerði ferðamaður. Í London til dæmis erum við með Sigrúnu Davíðsdóttur sem fararstjóra.“

Ferðir Ísafoldar eru ekki fast dagsettar heldur koma einstaklingar með sínar óskir og Ísafold býr ferð-



Erla Guðmundsdóttir, eiginkona og meðeigandi Jóns, Jón Baldur og Auðbjörg Sveinsdóttir.

ina til. Þó eru tvær skipulagðar ferðir fyrirhugaðar, annars vegar á formúluna í Nürnbergring og hins vegar átta daga ferð til Þýskalands þar sem farþegum gefst kostur á átta dekurdögum í Svartaskógi.

Ísafold hefur opnað heimasíðu, www.isfoldtravel.is, en þar er að finna allar upplýsingar um þjónustuna og hugmyndir að ferðum að hætti Jóns Baldurs. Þar má nefna vískismökkunarferð til Skotlands, í fótspor Ingólfs í Noregi, kóngalíf í Coburg og ævintýri í Ungverjalandi, svo bara fátt eitt sé nefnt.

Fyrir skömmu fékk ferðaskipuleggjandinn Ísafold ferðaskrifstofuleyfi frá samgönguráðuneytinu sem

þýðir að fyrirtækið má selja og útfæra ferðir utanlands ásamt áætlanarflugum. Það hefur lengi verið hugmynd stofnanda Ísafoldar ehf., Jóns Baldurs, að útfæra sérniðnar ferðir að þörfum smærri hópa og nota hópsmæðina til að komast þangað sem aðrir komast ekki, undir yfirborðið og kynna þjóðlífinu á viðkomandi stöðum. Þetta á bæði við um ferðir sem þegar hafa verið settar fram sem hugmynd og eru á dag skrá ferðaskrifstofunnar utanferðir, og aðrar sérhannaðar ferðir. Þessar ferðir eru útfærðar í anda Ísafoldar, sem er að veita góða og persónulega þjónustu undir kjörörðinu: Lítil hópur – lífandi ferð.

**DanCenter**  
Your friendly partner

**Velkominn til Danmerkur**

- Bjóðum fjölbreytt úrval sumarhúsa af öllum stærðum. í Danmörku. 2ja manna og uppí 25 manna hallir.
- Bjóðum fjölbreytt úrval orlofshverfa í Danmörku.
- Bjóðum ótrúlega ódýra bílaleigubíla fyrir Íslendinga.
- Reynið frábæra þjónustu okkar við val á sumarhúsi og staðsetningu þess í Danmörku.
- Val á sumarhúsi er mjög einföld beint af heimasíðu okkar [www.fylkir.is](http://www.fylkir.is) eða fáid sendan verðlista.

**FYLKIR.IS**  
FERÐASKRIFSTOFA  
— Bestir í Danmörku

sími 456-3745  
[www.fylkir.is](http://www.fylkir.is)


Bókaðu strax!

# Betri ferðir - betra frí

## Bestu utanlandsferðirnar

Samkvæmt skoðanakönnun Gallups hefur Úrval-Útsýn yfirburði í utanlandsferðum.

Hvaða ferðaskrifstofa býður upp á bestu utanlandsferðirnar?



**Sumarfríð er dýrmætt:**  
Berðu saman gæði gististaða og þjónustu - verðið kemur á óvart.

**Skráðu þig í netklúbbinn**

**og þú getur unnið solarlandaferð fyrir tvo**

til Costa del Sol, Krítar, Portúgal eða Mallorca.

Farðu á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is) og skráðu þig í netklúbbinn. 3 nöfn verða dregin út og birt á vefnum þann 1. mars.

**SÓLARHAPPDRÆTTI - [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)**

**Þúsundir Íslendinga hafa þegar bókað bestu utanlandsferðirnar**

**Bókaðu strax**

**- vinsælir gististaðir að seljast upp**

**Mallorca, Iris:** Örfáar íbúðir eftir

**Mallorca, Royal Christina og Royal Playa de Palma:** Vinsælar brottfarir uppseldar

**Costa del Sol, Camino Real:** Slær í gegn (bættum við fleiri íbúðum)

**Krít, Helios:** Frábærar viðtökur, vinsælar brottfarir uppseldar

**Portúgal, Brisa Sol:** Sívinsælt - fyrstir koma fyrstir fá

**Albir, La Colina:** Örfáar íbúðir eftir á vinsælum brottförum

**CLUB ALBUFEIRA**

Portúgal  
27. júní í viku

**39.900\***

á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum

Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

**AGUAMARINA**

Costa del Sol  
23. júní í viku

**49.900\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi

Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

**CALA MILLOR P.**

Mallorca/Sa Coma  
22. júní í viku

**39.900**

á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi

Fleiri eða færri? Finndu verð á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

ÍSLENSKA AÐGÆTISGASTAFÖRNUM 06V 12135 8128085

\* Flug, flugvallarskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn.



Nánari upplýsingar um verð, gististaði og ferðatilhögun á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Lágmúla 4: 585 4000 • Akureyri: 460 0600 • Vestmannaeyjum: 481 1450

**UV**  
[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## Sól er best í hófi

**Sólarlandafarar þurfa að gefa sólarvörn sérstakan gaum og gæta að því að ekki hlífir öll sólarvörn húðinni gegn krabbameinsvaldandi geislum þótt hún komi í veg fyrir bruna.**



Sólin er yfirleitt það sem verið er að sækjast eftir í sólarlandafarðum og enn þykir það til þýði að koma heim frá útlöndum heldur húðdekkri en þegar maður fór. Þó ber að fara varlega í sólinni því sjaldan verður vísan um skaðsemi sólargeisla of oft kveðin. Hér koma nokkur heillaráð til að vara sig á sólinni og þá helst með því að nota sólarvörnina þannig að hún geri sem mest gagn.

Athugið að ekki hlífir öll sólarvörn húðinni gegn krabbameinsvaldandi geislum þó hún komi í veg fyrir bruna. Kynnið ykkur það sérstaklega áður en sólarvörmin er keypt.

Verið aldrei lengur í sólbæði fyrstu dagana en 15-20 mínútur.

Sólargeislarnir eru sterkastir um hádegisbil og því borgar sig að fá sér blund inni á hótelinu á meðan sólin bakar stéttir og torg.

Notið rétta sólarvörn svo æskilegum húðlit verði náð án þess að leggja lífið við:

Þeir sem hafa mjög ljósa húð og vita að þeir brenna auðveldlega í sól ættu reyndar aldrei að láta sólina skína á sig og alltaf að bera á sig sólarvörn með stuðulinn 30 eða hærra. Það er vel hægt að njóta þess að vera á sólarströnd undir stórrí söhlíf með góða bók og mun fállega að vera fögur og intressant en humarrauður og kveinkandi sér.

Þeir sem vita að þeir verða brúnir á endanum ættu að fara einstaklega varlega og nota sólarvörn með hátt varnargildi (15-20) til að byrja með. Aldrei skyldi fara undir varnargildið 8. Athugið að ólíkir staðlar eru í Evrópu og Ameríku svo að á amerískum kremunum ætti að deila í varnarstuðulinn með tveimur.

Athugið að hætta er á sólbrenna þó skýjað sé, í vatni og þegar hvasst er og þú finnur ekki eins fyrir hitanum.

Sólarvörn á alltaf að bera á sig áður en farið er út og svo á eins til tveggja tíma fresti.

Komum heil heim – ekki brennd.



Vaktaskipti hjá lífvörðum hennar hátignar, Margrétar Danadrottningar, á Kóngsins nýja torgi.

## Plataði mömmu og pabba í fataleiðangur

**Guðmundur Jóhannsson, bloggari og fjórði kynþokkafyllsti maður landsins að mati hlustenda Rásar 2, fór í skemmtilega ferð til Kaupmannahafnar og hitti fólkið sem stendur honum næst í lífinu í leiðinni.**

„Ég skellti mér til Kaupmannahafnar í fyrri á tónleika með Magnetic Field. Svo skemmtilega vildi til að sömu helgi voru foreldrar mínir líka staddir í Kaupmannahöfn á árs hátíð. Það var rosalega skemmtileg tilviljun og fallegar stundir sem við áttum saman. Foreldrar mínir eru líka svo hressir. Við skipulögðum ferðir okkar ekki saman og komumst bara að því í vikunni fyrir ferðina að við myndum vera stödd saman í höfuðborg Danaveldis,“ segir Guðmundur en hann og foreldrar hans náðu að eyða góðum tíma saman í ferðinni.

„Við fórum út að borða og ég plataði þau til að kaupa á mig föt því ég er svo yndislegur einkasonur,“ segir Guðmundur og hlær en hann rifjar upp þessa fráþæru ferð. Guðmundur ætlar að halda sínu striki og fara aftur til Kaupmannahafnar nú í ár.

„Ég ætla aftur til Kaupmannahafnar í lok mars á tónleika með Keane og Rufus Wainwright. Ég þarf að fara til útlanda til að losna við áreitnið sem fylgir því að lenda á lista



Guðmundur er hrifinn af Kaupmannahöfn og reynir að fara þangað sem oftast á tónleika.

yfir kynþokkafyllstu menn landsins. Ég er meira að segja búinn að skipta um síma og allt,“ segir Guðmundur og slær á létta strengi.

„Ég ætla líka að fara á heimaslóðir í Mývatnssveitinni. Ég ætla bara einn þangað til að finna ræturnar og komast í snertingu við sjálfan mig.“

## Dekurferðir til Slóveníu og spennandi strandlíf

**Ferðaskrifstofan Úrval Útsýn boðar ýmsar nýjungar í sumar. Meðal þess er vikulegt leiguflug til Feneyja á Ítalíu. Auk þess býður ferðaskrifstofan upp á nýja gististaði á Costa del Sol.**



Feneyjar er nýr áfangastaður íslenskra ferðalanga. Auk þess er boðið upp á ferðir til riveriunnar sem er í 20 mínútna fjarlægð frá borginni. Þar er allt til alls fyrir sóldýrkendur. Flogið er vikulega til Feneyja.

„Það er ýmislegt nýtt og spennandi í boði hjá okkur í sumar. Þar má fyrst nefna vikulegt leiguflug til Feneyja á Ítalíu sem hefur í för með sér margvíslega möguleika fyrir fólk. Við bjóðum annars vegar gistingu í borginni og hins vegar í mjög skemmtilegum strandbæ sem er í 20 mínútna fjarlægð,“ segir Helgi Eysteinnsson, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Úrvals Útsýnar. „Feneyska riverían er fyrsta flokks og hefur um árabíl verið mikið sótt af Ítölum sjálfum. Það er ótvírætt kostur að vera á strönd þar sem allt er til alls, svo sem fjöldi veitingahúsa, verslana og afþreyingar, og um leið er mjög stutt í alvöru borgarlíf,“ segir Helgi.

Þá er stutt frá Feneyjum í sveitirnar, að Gardavatningu og til

## Badstrandarbærinn Portoroz aftur kominn á kortið

**Terra Nova býður í sumar uppá sólarferðir til Salou á Norður-Spáni, Albufeira í Portúgal, Lignano á Ítalíu og nýjasti staðurinn er Portoroz í Slóveníu að sögn Hildar Gylfadóttur sölustjóra. Hún bendir fólki á heimasíðuna [www.terranova.is](http://www.terranova.is) þar sem farþegar geta bókað sig sjálfir og komist hjá bókunargjaldi.**

„Portoroz er nýjasti áfangastaðurinn hjá okkur,“ segir Hildur og bendir á að margir Íslendingar hafi gisti þann stað fyrir stríðið á Balkanskaga. „Þetta var einn þekktasti badstrandarbærinn við norðanvert Adriaahaf,“ segir hún og lýsir honum nánar. „Parna er fjöldi veitingastaða, smáverzlana og skemmtistaða og ströndin er mjög falleg, vogskorin og klettótt, sambland af steinvölu- og sandströnd.“ Hildur segir mikla uppbyggingu eiga sér stað í Portoroz enda hafi Slóvenía uppá mikið að bjóða, fallega smábæi, hina heimsfrægu Postojna hella, höfuðborgina Ljubljana og margt fleira. „Við erum með gistingu í herbergjum á nýupperðum og huggulegum hótélum,“ segir hún.

„Við bjóðum upp á ferðir til Salou á Norður-Spáni eins og undanfarin ár,“ segir Hildur og tekur fram að þar sé sólrikt og hlýtt allt sumarið en hafgola flesta daga sem geri dvölinna þægilega. Ferðirnar hefjast í lok maí og það er flogið til Barcelona. Hildur segir Salou tilvalinn fjölskyldustað með breiðri og aðgrunnri strönd og og stutt sé í stærsta og glæsilegasta skemmtigarð Spánar, Port Aventura.

„Til Portúgal verður vikulegt flug á okkar vegum í allt sumar,“ heldur Hildur áfram. „Albufeira er frábær fjölskyldustaður, með vatnsrenni-brautagarða í nágrenninu og Zoo Marine-sædýrasafnið með tivolígaröðin-um. Svo er hægt að leigja snekkjur, stunda alls lags sjóspport og næturlíf- ið svíkur engan!“

Lignano á Ítalíu er meðal áfangastaða Terra Nova, annað árið í röð en það var einn vinsælasti sumarleyfisstaður Íslendinga fyrir um 20 árum. „Síðan þá hefur mikil endurnýjun átt sér stað,“ segir Hildur og tekur fram að auk sólarstrandanna sé bærinn mjög lífandi, með leiksýningar og skemmtanir af ýmsum toga.

Hildur lýsir Kýpur sem algerrí draumaeyju en þangað er Terra Nova með ferðir allan ársins hring. „Það er sama hvenær árs þú kemur til Kýpur, það er alltaf milt og þægilegt veður og fyrir utan náttúrufegurðina sem gaman er að skoða eru þar miklar minjar frá gamalli tíð auk þess sem boðið er uppá ferðir til Egyptalands.“

Hópferðir í rútum með fróðum fararstjórum um Þýskaland, Frakkland og Suður-Evrópu eru á dagskrá Terra Nova. Nýjung í þeim geira er ferð um Norður-Spán þar sem flogið er til Barcelóna og pilgríma bærinn Santiago de Compostela er heimsóttur.

Flogið verður til Parísar tvisvar í viku í sumar svo og til tveggja borga í Þýskalandi, Düsseldorf og München sem Hildur segir þægilega upphafspunkta fyrir ferðir um Evrópu.



